

# HRÚTASKRÁ

2015 - 2016



Sauðfjarsæðingastöð  
Suðurlands



Sauðfjarsæðingastöð  
Vesturlands



# WEIDEMANN

**Kraftvélar bjóða Weidemann liðstýrðar smávélar og skotbómulyftara**



**Nú er rétti tíminn til að huga að smávélum fyrir veturinn. Kraftvélar í samstarfi við Weidemann bjóða valin mólur af liðstýrðum smávélum á tilboðsverði til og með 31. desember 2015.**

## Weidemann 1160

- Perkins dísel mótur 32 hestafla
- Öryggisgrind
- Vökvalás á fylgitækjum
- Flotmikil dekk
- Ein stjórnstöng fyrir allar aðgerðir og keyrslu fram og aftur
- Mesta lyftgeta 994 kg
- **Skófla og heygreip innifalin í verðinu**

**Verð aðeins kr. 3.150.000- án vsk.**  
(kr. 3.903.000- m/vsk.)

## Weidemann 1260

- Perkins dísel mótur 33 hestafla
- Öryggisgrind
- Vökvalás á fylgitækjum
- Flotmikil dekk
- Ein stjórnstöng fyrir allar aðgerðir og keyrslu fram og aftur
- Mesta lyftgeta 1,018 kg
- **Skófla og heygreip innifalin í verðinu**

**Verð aðeins kr. 3.460.000- án vsk.**  
(kr. 4.290.400- m/vsk.)

## Weidemann 1350CC

- Perkins dísel mótur 43 hestafla
- Öryggisgrind
- Vökvalás á fylgitækjum EURO rammi
- Flotmikil dekk
- Ein stjórnstöng fyrir allar aðgerðir og keyrslu fram og aftur
- Mesta lyftgeta 1,689 kg

**Verð aðeins kr. 4.230.000- án vsk.**  
(kr. 5.245.200- m/vsk.)

## Weidemann T4512 skotbómulyftari

- Perkins dísel mótur 43 hestafla
- Lokað öikumannshús með miðstöð
- Vökvalás á fylgitækjum EURO rammi
- Flotmikil dekk
- Ein stjórnstöng fyrir allar aðgerðir og keyrslu fram og aftur
- Mesta lyftgeta 1,200 kg
- Lyftihæð 4,5 mtr

**Verð aðeins kr. 4.790.000- án vsk.**  
(kr. 5.939.600- m/vsk.)

**Nýjung á Íslandi  
í smærri  
skotbómulyfturum**



# Brenderup

## Brenderup kerrur

Kraftvélar eru söluaðili fyrir Brenderup kerrur. Brenderup bjóða uppá fjölbreytt úrval kerra, allt frá litlum kerrum í garðverkin, uppí stórar tækjakerrur með 2.800 kg. burðargetu.



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500  
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526  
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Efnisyfirlit

Skýringar .....	2
Frá sauðfjársæðingastöðvunum .....	4
Hrútar (hyrndir) á Suðurlandi .....	6
Hrútar (kollóttir) á Suðurlandi .....	18
Hrútar 2015-16, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2015, (tafla) .....	24
Hrútar (hyrndir) á Vesturlandi .....	26
Hrútar (kollóttir) á Vesturlandi .....	36
Fallnir hrútar 2014-2015, ástæður (tafla) .....	42
Kjötmat afkvæma sæðishrúta haustið 2015 .....	44
Árangur sæðinga vorið 2015 eftir sæðishrútum.....	45
Sauðfjársæðingar og beiðsli .....	46
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2015 .....	48
Árangur sæðinga á sama búi ár eftir ár .....	49
Litaerfðir sauðfjár og hrúturinn Jónas .....	51

## Atriðisorðaskrá: Nafn, nr. og blaðsíðutöl

### Suðurland bls.

#### Hyrndir hrútar:

Bósi 08-901 frá Þóroddstöðum, Hrútafirði .....	6
Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd .....	7
Drífandi 11-895 frá Hesti, Borgarfirði .....	7
Tjaldur 11-922 frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði .....	8
Borkó 11-946 frá Bæ, Árneshreppi .....	8
Bekri 12-911 frá Hesti, Borgarfirði .....	9
Skratti 12-913 frá Hesti, Borgarfirði .....	10
Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum .....	10
Vörður 12-925 frá Hriflu, Þingeyjarsveit .....	12
Jónas 12-949 frá Miðgarði, Stafholtstungum .....	12
Hvati 13-926 frá Hesti, Borgarfirði .....	14
Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum, Fljótum .....	14
Burkni 13-951 frá Mýrum 2, Hrútafirði .....	15
Dreki 13-953 frá Hriflu, Þingeyjarsveit .....	16
Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum .....	16
Ofsi 14-957 frá Ásgarði, Hvammssveit .....	17

#### Kollóttir hrútar:

Heydalur 09-929 frá Heydalsá, Steingrímsfirði .....	18
Hreinn 09-930 frá Heydalsá, Steingrímsfirði .....	18
Hnallur 12-934 frá Broddanesi 1, Kollafirði .....	19
Spotti 13-942 frá Árbæ, Reykhólasveit .....	20
Voði 13-943 frá Heydalsá, Steingrímsfirði .....	20

#### Feldfjárhrútur:

Lobbi 09-939 frá Melhól, Meðallandi .....	22
---	----

#### Forystuhrútur:

Ungi 13-938 frá Sandfellshaga 1, Öxarfirði .....	22
--	----

### Vesturland bls.

#### Hyrndir hrútar:

Salamon 10-906 frá Hömrum, Grundarfirði .....	26
Höfðingi 10-919 frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal .....	28
Kölski 10-920 frá Svínafelli (Víðihlíð), Örnafasveit .....	28
Kornelius 10-945 frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði .....	29
Garri 11-908 frá Stóra-Vatnshorni, Haukadal .....	29
Kraftur 11-947 frá Hagalandi, Þistilfirði .....	30
Vetur 12-914 frá Hesti, Borgarfirði .....	30
Jóker 12-924 frá Laxárdal, Þistilfirði .....	32
Hrauni 12-948 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi .....	32
Kaldi 12-950 frá Oddstöðum, Lundarreykjadal .....	33
Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum .....	33
Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum, Fitjárdal .....	34
Tangi 13-954 frá Klifmýri, Skarðsströnd .....	34
Svimi 14-956 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum .....	35

#### Kollóttir hrútar:

Baugur 10-889 frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum .....	36
Roði 10-897 frá Melum 1, Árneshreppi .....	37
Faldur 11-933 frá Bassastöðum, Steingrímsfirði .....	37
Þoku-Hreinn 13-937 frá Heydalsá, Steingrímsfirði .....	38
Krapi 13-940 frá Innri-Múla, Barðaströnd .....	38
Serkur 13-941 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi .....	39
Magni 13-944 frá Heydalsá, Steingrímsfirði .....	40

#### Forystuhrútur:

Ami 10-917 frá Sigtúnum, Öxarfirði .....	42
--	----

### Hrútaskrá 2015-2016

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi  
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson  
Ljósmynd forsiðu © Halla Eygló Sveinsdóttir  
Myndir af hrútum: Halla Eygló Sveinsdóttir, Sigurjón Einarsson.  
ISSN 1608-084X  
Prentmet Suðurlands, nóvember 2015

---

# SKÝRINGAR

---

**Mál og stigun:** Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

**Ullarlýsingar:** Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

**Gerð:** Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

**Fita:** Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

**Kynbótamat (BLUP) fyrir skrokkgæði (gerð og fitu):** Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2006-2015. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

**Kynbótamat (BLUP) fyrir frjósemi og mjólkurlagni:** Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2004-2013, fyrir frjósemi ær fæddar 2005-2014. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

**Kynbótamat (BLUP) - Heildareinkunn:** Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokkgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokkgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110.  $((120+110+100)/3 = 110)$ .

**Litaerfðir:** Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísu fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

## Arfgerðargreining v/riðusmits:

1. **Verndandi arfgerðir.** Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
2. **Hlutlaus arfgerð.** Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
3. **Verndandi og áhættuarfgerð.** Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
4. **Áhættuarfgerðir.** Mikil eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftast í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort um arfblendinn eða arfhreinan hrút er að ræða.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.

---

## Skráning sæðinga

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar. Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.



FRUM - www.frum.is

# Petta snýst allt um þig...

Nýja CLAAS – ARION 400 vélin er alveg eins og þú vilt hafa hana.

Hver dagur færir þér ný verkefni og það ert þú sem þarft að takast á við þau.

Þegar þú kaupir dráttarvél þá þarf hún að vera alveg eins og þú vilt hafa hana.

Þú vilt dráttarvél sem gerir einmitt það sem þú vilt að hún geri og að hún uppfylli allar þínar kröfur og væntingar. Hvorki meira og örugglega ekki minna.

Þess vegna vilt þú ekki bara næstu dráttarvél sem er til á lager.

Þú færð nýju ARION 400 dráttarvélinna nákvæmlega eins og þú vilt hafa hana

ARION 460 / 450 / 440 / 430 / 420 / 410 66–103 kW (90–140 hö). [www.arion400.claas.com](http://www.arion400.claas.com)



**VÉLFANG** VERKIN TALA

**CLAAS**

Gylfahlöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • [www.velfang.is](http://www.velfang.is) • Frostagata 2a • 600 Akureyri • [www.claas.is](http://www.claas.is)

# Frá sauðfjársæðingastöðvunum

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá sauðfjársæðingastöðvunum hefst 1. desember og stendur til 21. desember. Pantanir skulu berast með efirtöldum hætti:

## Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Í síma 482 1920 fyrir klukkan 9.00 samdægurs eða á netfangið sveinn@bssl.is.

Fyrir Austur-Skaftafellssýslu (ekki Öraefi eða Suðursveit) sér Grétar Þorkelsson um pantanir í síma 864-6487.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum 480 1800, 480 1801 eða 894 7146.

## Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 21.00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á [www.buvest.is](http://www.buvest.is). Einnig er hægt að panta í síma 437 1215 en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 síðasta virka dag fyrir sæðingu. ATHUGIÐ, ekki verður afgreitt sæði sunnudaginn 6. des.

Ef séð verður að nýting verði léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það sem og aðrar breytingar í síma 437 1215 eða á netfangið [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is) fyrir kl. 9.00 að morgni sæðingadags. – ATH ! Aðeins í tölvupósti um helgar.

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

## Skipulag sæðinga:

### Suðurland:

#### A. A-Skaft.

Frá 1.- 8. des.

#### B. V-Skaft., Eyjafjöll og Landeyjar.

Frá 9.-12. des.

#### C. Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og Flói.

Frá 13.-16. des.

#### D. Uppsveitir Árnessýslu og vestan Ölfusár.

Frá 17.- 20. des.

### Vesturland:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

### Skráningar á sæðingum:

Allar sæðingar skulu skráðar í [fjarvis.is](http://fjarvis.is) eða sæðingadagbækur af viðkomandi bónda eða sæðingamanni.

Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer.

### Sauðfjársæðinganámskeið:

Stóra-Ármóti mánudaginn 30. nóv. 2015, kl. 13.00-18:00

LbhÍ, Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði þriðjudaginn 1. des. 2015, kl. 13:00-18:00

Eyjafirði miðvikudaginn 2. des. 2015, kl. 13:00-18:00

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is).

### Verð á sæði:

1-19 sæddar ær .....	800 kr./sk.
20-49 sæddar ær .....	770 kr./sk.
50-99 sæddar ær .....	670 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar .....	630 kr./sk.
Til búnaðarsambanda .....	600 kr./sk.

# Sauðkindin á allt gott skilið

## Sérblandað fóður fyrir íslensku sauðkindina

Steinar, stampar og fóður



Sendum um  
allt land

Hafðu samband  
570 9800

FB Verslun  
Selfossi  
Austurvegi 64a  
570 9840

FB Verslun  
Hvolsvelli  
Hlíðarvegi 2-4  
570 9850

FB Verslun  
Egilsstöðum  
Kaupvangi 11  
570 9860

FB Verslun  
Hellu  
Suðurlandsvegi 4  
570 9870

  
FÓÐURBLANDAN



# SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ SUÐURLANDS

## SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2015 - 2016

### HYRNDIR HRÚTAR

# Bósi

frá Þróddsstöðum, Hrútafirði.

Ætt:

Bósi 08-901

Brúsi 07-053

07-763

Busi 03-946  
frá Bergsstöðum  
Vatnsnesi

02-232

Mundi 06-054

05-580

MFF: Lundi 03-945.

Bósi 08-901		2014	2015
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	468	316
	Pungi	47,3	47,2
	Fótleggur	107	107
	Læri	17,5	17,3
	Ull	7,7	7,7
	Ómvoðvi	29,1	29,5
	Ómfita	2,9	2,9
	Lögun	4,0	3,9

**Lýsing:** Hvítur með svipmikinn haus, ögn krapphyrndur. Hálsinn stuttur og sver, herðar breiðar og fylltar. Útlögur góðar. Bakið breitt og vöðvafyllt. Mala- og lærahold góð. Fætur réttir og fótstaða góð.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum. Töluvert um gul hár í reyfi. Ullarmikill. Pelið þykkt og jafnt. Togið mikið og gróft en jafnt og hrokkið.

**Reynsla:** Bósi 08-901 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð sem jafnframt verður sá



síðasti. Þessi aldursforseti sæðingastöðvanna hefur verið mest notaði hrúturinn síðastliðna tvo vetur ásamt Saum 12-915 og því komin mikil reynsla á hann sem lambaföður. Það sem einkennir lömbin undan honum er hve þroskamikil þau eru og bollöng. Bósi skilar gerð og fituflokkun um meðallag. Lakasti eiginleiki afkvæmanna er oftast ullin og þá eru hrútarnir stundum full krapphyrndir.

Stórkostlegir yfirburðir hans liggja í dætraeiginleikum og skartar hann fáséðu kynbótamati fyrir mjólkurlagni og frjósemi. Í vor bættust við frjósemismatið upplýsingar um ríflega 800 veturgamlar dætur. Þá gat allt eins farið svo að hans háa kynbótamat myndi lækka. Það gagnstæða gerðist, kynbótamat hans hækkaði þar sem dætur hans, bæði úr sæðingum og á heimabúi, sýndu glimrandi góða frjósemi í vor. Dæturnar heima á Þróddsstöðum eru frábærar afurðaaer og höfðu 5,9 afurðastig að jafnaði síðasta haust. Bósi er því áfram eitt af „flaggskipum“ stöðvanna sem mikill ærfaðir og rétt að menn hugsi til þess, þennan síðasta vetur sem hann verður á stöð.

**Litaerfðir:** Bósi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:**

2008-50-106-32/3,7/3,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

## FER FÉ BETRA

Rekstrargangur með flokkunarhliðum  
99.990 kr. + vsk\*

Veltibás til klaufsnyrtingar  
199.900 kr. + vsk\*

Fjárvogur  
Frá 149.000 kr. + vsk\*

Heygrindur  
Frá 8.984 kr. + vsk\*

Hliðgrindur í úrváli  
Frá 14.880 kr. + vsk\*



\*Sértilboð til áramóta og á meðan birgðir endast.

Hafðu samband í síma 480 5600 eða á landstolpi@landstolpi.is og fáðu nánari upplýsingar


Landstólpi Gunnbjarnarholti 801Selfoss s. 480 5600 landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is





# Hængur

frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.




MMF: Snúður 00-911 MFFF: Otur 00-910.



10-903

	Hængur 10-903	2014	2015
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	207	147
	Pungi	45,5	47,0
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,5	17,5
	Ull	8,0	8,0
	Ómvöðvi	31,0	30,8
	Ómfita	2,9	2,9
	Lögun	4,2	4,1



**Lýsing:** Hvítur, vel hyrndur með svipfríðan, þróttlegan haus og stuttan háls. Breiðvaxinn með fullháar herðar en mjög góðar útlögur. Bakíð breitt með góðan vöðva. Malir breiðar með fremur góðri vöðvafyllingu. Lærahold þrýðisgóð og fætur sterkir. Bollengd í meðallagi. Föngulegur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnakka og á fótum.

Töluvert gult í ull. Fremur ullarmikill, þelið allþykkt. Togið mikið, langt og gróft.

**Reynsla:** Hængur 10-903 er að hefja sinn þriðja vetur í notkun á sæðingastöð. Hann hefur fengið verulega notkun og margir synir hans komið til dóms síðustu tvö haust. Hængur er öflugur lambafaðir en mörg afkvæma hans eru glæsilegir einstaklingar. Vænleiki þeirra er um meðallag en bakvöðvi þeirra góður og lærahold oft á tíðum afbragðsgóð. Veturgamlir synir hans víða um land skiluðu margir góðum sláturlömbum í haust og einn þeirra, Svimi 14-956 er kominn til notkunar á sæðingastöð.

Talsverð reynsla er komin á dætur hans en þær eru frjósamar í meðallagi og góðar afurðaðar. Tæplega 40 dætur höfðu að jafnaði 5,3 afurðastig haustið 2014.

Reynslan hefur því sýnt að Hængur er sterkur alhliða kynbótahrútur sem vert er að gefa gaum.

**Litaerfðir:** Hængur er arfblendinn hvítur, með erfðavisi fyrir tvílit sem og mórauðum lit – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stigun:**

2010-49-108-33/1,6/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

# Drífandi

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Kveikur 05-965.

	Drífandi 11-895	2013	2014	2015
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	149	61	73
	Pungi	44,4	44,9	45,1
	Fótleggur	109	109	108
	Læri	17,5	17,6	17,4
	Ull	7,8	7,9	7,9
	Ómvöðvi	29,2	30,7	29,9
	Ómfita	2,6	2,8	2,7
	Lögun	4,0	4,2	4,0



**Lýsing:** Svartur, fínhyrndur með svipfríðan haus. Hvelfdur bolur með miklar útlögur og breiðar, holdfylltar herðar. Mjög góð bakhold. Malir í meðallagi langar, breiðar og vel holdfylltar. Lærsvöðvi þykkur og kúptur, fyllir feikna vel í krika. Prúður og samanrekinn holdahnaus.

**Ullarlýsing:** Ullarmikill með jafnt og þykkt reyfi. Örlítið um grá hár. Togið hrokkið, meðalfint og jafnt um allt reyfið.



11-895

**Reynsla:** Drífandi 11-895 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð en hefur yfirleitt fengið frekar takmarkaða notkun. Hann er í hópi sterkustu stöðvahrúta hvað gerð afkvæma snertir, vænleiki þeirra er heldur undir meðaltali en lærahold oft afbragðsgóð og bakvöðvi vel lagaður og þykkur. Nokkuð er til af sonum Drífanda um allt land sem hafa skilað afbragðsvel gerðum sláturlömbum.

Reynslan af dætrum Drífanda er mjög góð en þær sýna afbragðsgóða frjósemi ásamt því að vera góðar afurðaðar líkt og BLUP-kynbótamat á dætraeiginleikum sýnir. Drífandi er því í hópi allra athyglisverðustu hrúta stöðvanna í vetur og bændur því hvattir til að nýta sér kosti hans sem best en telja má líklegt að þessi vetur verði sá síðasti sem hann verður á sæðingastöð.

**Litaerfðir:** Drífandi er arfhreinn svartur, gefur hvorki mórauðan lit né tvílit.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2011-47-108-30/1,9/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig


# Tjaldur

frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði.



FMFF: Lóði 00-871.

	Tjaldur 11-922	2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	260
	Pungi	46,3
	Fótleggur	109
	Læri	17,7
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	30,5
	Ómfita	3,1
	Lögun	4,1



**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Herðar breiðar og holdmiklar. Bringan breið, útlögur miklar og bolurinn mjög sívalur. Bakið breitt, malir breiðar og sérlega kúptar. Lærvöðvi frá-bærlega vel lagaður og kúptur. Tjaldur er metfé að allri gerð.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum. Einstaka gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið mikið og þykkt, togíð fremur stutt, fremur gróft í síðum en fingert og stutt í baki.

**Mál og stigun:**



11-922

**Reynsla:** Tjaldur 11-922 er nú að hefja annan vetur á sæðingastöð. Hann var valinn inn á stöð eftir að hafa fengið stórgóða niðurstöðu í afkvæmarannsókninni á Snartarstöðum og Presthólum haustið 2014 þar sem úrvalshrútar úr Norður-Pingeyjarsýslu voru bornir saman. Tjaldur fékk mikla notkun sl. vetur og stór hluti sona hans kom til dóms. Útkoma hans í haust var með ágætum því mikið var af feikivel gerðum lömbum undan honum. Þau lömb undan honum, sem slátrað var í haust, flokkuðust mjög vel, en tæp 70% þeirra fóru í holdfyllingarflokkka E og U. Rétt er að taka fram, að nokkuð bar á bitgöllum meðal afkvæma Tjalds í haust.

Tjaldur er arfblendinn fyrir Þokugeninu, stórvirkum frjósemiserfðavísi, og mun því helmingur afkvæma hans bera Þokugenið. Því er sá möguleiki fyrir hendi, ef settir eru á hrútar undan Tjaldi, að Þokugeninu sé jafnvel dreift víðar en menn kæra sig um. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hækkar allverulega frá fyrra ári vegna áhrifa Þokugensins og mun hækka meira. Á mjólkurlagni dætra hans er enn lítil reynsla komin en 12 dætur höfðu að jafnaði 5,1 afurðastig haustið 2014.

**Litaerfðir:** Tjaldur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2011-43-108-32/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig

# Borkó

frá Bæ, Árneshreppi.



MMF: Hvellur 05-969, MMMF: Glæsir 98-876.



**Lýsing:** Hvítur, finhyrndur með fríðan haus. Háls sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Bakhold góð. Malir breiðar með ágæta vöðvafyllingu. Lærahold góð og fótstaða einnig. Bolangur og fallgur hrútar á velli. Gæfur og rólegur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Ljósulur í

hnakka, mikið gulur á fótum, aðeins af gulum hárum í reyfi. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt. Togið meðalfint, fremur stutt en hrokkið.

**Reynsla:** Borkó 11-946 var valinn til notkunar á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn á Smáhörmum haustið 2015. Á Smáhörmum voru 16 hrútar bornir saman og af þeim voru 4 hyrndir. Borkó kom vel út úr báðum hlutum afkvæmarannsóknarinnar og staðfesti að hann skilar

**Mál og stigun:**



11-946

þroskamiklum lömbum með góð lærahold og þykkar bakvöðva en stundum örilitið grófum um herðar. Meðalfallþungi afkvæma hans í rannsókninni var 18,8 kg, einkun fyrir gerð 10,2 og fitu 7,8. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,8 kg, gerðareinkunn 10,2 og fitueinkunn 7,5. Bakvöðvi afkvæma hans var um 1 mm yfir meðaltali rannsóknarinnar, bæði í hrútum og gimbrum.

Ekki er síður horft til þess að Borkó er spennandi ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Í uppgjöri fjárræktarfélaganna sýna dætur hans ágæta frjósemi og mikla mjólkurlagni. Haustið 2014 voru 12 dætur hans að jafnaði með 5,9 afurðastig. Móðir hans, Gjóta 09-137, var einlembd sem gemlingur, einu sinni þrilembd en annars tvílembd, með 6,5 afurðastig.

Einhverjum kann að þykja nafn Borkós sérkennilegt en hann heitir í höfuðið á Birni Kristjánssyni, tónlistarmanni og kennara á Drangnesi sem notar listamanns nafnið Borko.

**Litaerfðir:** Borkó er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.


2011-45-110-29/2,7/3,0-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-7,0-8,0-8,5=82,0 stig

# Bekri

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:

Bekri 12-911



MMMF: Sekkur 97-836.



	Bekri 12-911	2014	2015
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	217	147
	Pungi	47,2	47,9
	Fótleggur	108	108
	Læri	17,7	17,5
	Ull	7,8	7,8
	Ómvöðvi	30,6	30,2
	Ómfita	3,0	3,1
Lögun	4,1	4,1	

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með stuttan en sterklegan haus og mjög gott hornalag. Háls og herðar, vel fylltar. Bringa fremur breið, útlögur góðar. Bakið vel vöðvafyllt. Malir aðeins afturdregnar en vöðvafylltar. Lærvöðvi er vel lagaður og fyllir vel í krikann. Fótstaða góð og bollengd í góðu meðallagi. Snotur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Gulur á fótum og í hnacka.

Nokkuð um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið þykkt og jafnt. Togið svolítið strítt og gróft og styttra á baki.

**Reynsla:** Bekri 12-911 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur verið talsvert notaður síðustu tvo vetur og allmargir synir hans komið til dóms. Hann skilar mjög vel gerðum lömbum en talsvert af afkvæmum hans fór í holdfyllingarflokk E nú í haust. Margir sona hans eru mjög glæsilegir einstaklingar en aðalsmerki afkvæma hans er góður vænleiki, vel gerður frampartur og prýðisgóð bak-, mala- og lærahold. Afkvæmin eru því hinar glæsilegustu kindur.

Reynsla er að fást á dætur Bekra. Á fjórða hundrað veturgamalla dætra hans áttu að jafnaði 1,1 lamb í vor og afurðir dætra hans á Hesti voru um meðaltal haustið 2014. Bekri er því sterkur alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Bekri er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti, en hvorki þekkt að hann hafi erfðavísi fyrir mórauðum lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



**Mál og stígun:**

2012-44-107-29/3,2/3,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig

Sjóvá

440 2000

**Okkur finnst að þeir sem lenda ekki í tjóni eigi að njóta þess með betri kjörum.**

Þess vegna fá viðskiptavinir okkar sem eru í Stofni endurgreiðslu ef þeir eru tjónlausir.

[sjova.is](http://sjova.is)



SJÓVÁ

# Skratti

frá Hesti, Borgarfirði.




MFFF og MMFF: Bjálki 06-995, MMMF: Mangó 03-948.

	Skratti 12-913	2014	2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	176	116
	Pungi	46,1	46,5
	Fótleggur	110	109
	Læri	17,6	17,5
	Ull	7,7	7,5
	Ómvöðvi	31,5	30,6
	Ómfita	3,0	2,9
	Lögun	4,2	4,0

**Lýsing:** Hvítur, krapp-hyrndur með þróttlegan haus. Herðar aðeins háar og örllítið vantar í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og vel vöðvað. Vel fylltar malir, þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Bollengd góð. Fætur réttir. Spakur og rólegur hrútur sem ber ekki nafn með rentu.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka og á fótum. Örllítið um gul hár í reyfi.



Mál og stigun:

2012-48-110-33/3,3/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,5 stig



12-913

Ullarmagn í meðallagi. Toglitill og togið fremur fint. Þelið þykkt og jafnt.

**Reynsla:** Scratti 12-913 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var talsvert notaður tvo síðustu vetur og allstórir hópar sona hans komu til skoðunar bæði haustið 2014 og nú í haust, 2015. Synir hans eru margir vel gerðir en helstu einkenni þeirra eru þykkur og vel lagaður bakvöðvi og góð lærahold. Scratti er tvímælalaust föðurbetrungur hvað vaxtarlag afkvæma snertir.


Tæplega 300 veturgamlar dætur Skratta áttu 1,1 lamb að jafnaði í vor. Afurðasemi þeirra er um meðallag. Scratti stendur vel undir væntingum og skipar sér því í hóp þeirra alhliða kynbótahrúta sem komið hafa fram síðustu ár. Því er vert að horfa til Skratta og afkomenda hans á komandi árum.

**Litaerfðir:** Scratti er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


# Saumur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MFF: Bramli 04-952, FMFF: At 06-806.

	Saumur 12-915	2014	2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	400	369
	Pungi	46,7	46,7
	Fótleggur	106	105
	Læri	17,8	17,8
	Ull	7,9	7,8
	Ómvöðvi	31,8	31,1
	Ómfita	2,8	2,7
	Lögun	4,3	4,2



**Lýsing:** Hvítur, með svipfríðan haus og fin-hyrndur. Hálsinn sver og vel bundinn við herðar sem eru vel holdfylltar og breiðar. Bringan breið og útlögur miklar. Bakið breitt og mjög vel vöðvafyllt. Malir vöðvafylltar og kúptar. Lærahold með því besta sem gerist. Bollengd góð. Fætur réttir. Glæsikind á velli og metfé að allri gerð.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka og á fótum.



12-915

Mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þel allþykkt og jafnt. Togið fremur stutt og hrokkið en fint.

**Reynsla:** Saumur 12-915 er að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann er ótvírætt alöflugasti lambafaðirinn af hrútum stöðvanna um þessar mundir. Í haust átti enginn hrútur fleiri dæmda syni. Afkvæmi hans eru samanrekin, sum fullstutt, en frábærlega átaksgóð með einstök lærahold. Þá má nefna að mjög sjaldgæft er að rekast á lélegt lamb undan Saumi og virðist hann blandast vel í flestar hjarðir. Synir Saums voru mjög áberandi á héraðssýningum í haust og skipuðu margir sér í verðlaunasæti. Sjálfur hlaut Saumur verðlaun sæðingastöðvanna árið 2014 sem besti lambafaðirinn.

Saumur á 6 tvævetra dætur í Ytri-Skógum sem sýndu frjósemi í tæpu meðallagi í vor. Hins vegar kom nú inn fyrsti hópurinn af ám tilkomnum úr sæðingum og átti sá stóri hópur rúmlega eitt lamb að meðaltali í vor. Afurðasemi dætra Saums er enn óráðin en fyrstu visbendingar gefa til kynna að dætur hans verði í meðallagi mjólkurlagnar.

**Litaerfðir:** Saumur er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

Mál og stigun:

2012-47-101-35/1,7/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig



# Sauðfjárþændur

**Kjötafurðastöð KS** á Sauðárkróki  
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga  
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum  
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt  
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki [www.ks.is](http://www.ks.is)




Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi [www.skvh.is](http://www.skvh.is)

# Vörður

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.



MFF: Frosti 02-913, MMF: Sekkur 97-836

	Vörður 12-925	2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	75
	Pungi	46,1
	Fótlleggur	111
	Læri	17,1
	Ull	7,9
	Ómvoðvi	29,7
	Ómfita	2,6
	Lögun	3,9

**Lýsing:** Mórauður, krapphyrndur með sterklegan haus. Herðar í meðallagi breiðar, lítilsháttar slöður aftan við bóga. Bringan breið og útlögur góðar. Bak, malir og læri í góðu meðallagi. Frísklegur hrútur og bollangur.



12-925

**Ullarlýsing:** Mórauður, meðaldökkur, ullarmikill. Mikið grátt í ull. Reyfið þykkt og þelið mikið. Togið jafnt og fremur fingert.

**Reynsla:** Vörður 12-925 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað var hann fenginn til kynbóta á mórauðu fé. Hann fékk nokkra notkun síðasta vetur og nokkrir tugir sona hans komu til skoðunar í haust. Hópurinn var mjög breytilegur að gerð, oft á tíðum með úrvals bakhold en talsvert skorti á lærahold í mörgum þeirra ásamt því að undan Verði komu nokkur mjög háfætt lömb.

Lítill reynsla er enn fengin af dætrum hans en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginlega er hagstætt bæði fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Dætur hans heima á Hriflu sýndu mjög góða frjósemi vorið 2015.

**Litaerfðir:** Vörður er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvíliti.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




**Mál og stígun:** 2012-46-117-31/2,3/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

# Jónas

frá Miðgarði, Stafholtstungum.



FFF: Raftur 05-966, FMFF: Eir 00-881, MFFF: Túli 98-858, MMFF: Garpur 92-808.



**Lýsing:** Svartgolsuflekkóttur, krapphyrndur en fínhyrndur. Bolur sívalur, ekki útlögumikill og herðar fremur háar. Bak breitt og sterkt. Malir kúptar, breiðar og vel vöðvafylltar. Lær-vöðvinn kúptur og þykkur. Laglegur

hrútur sem samsvarar sér vel.

**Ullarlýsing:** Svartgolsuflekkóttur. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog lítið en í meðallagi fínt og hrokkíð.

**Reynsla:** Jónas 12-949 kom á sæðingastöð sumarið 2015, valinn þangað vegna litar þar sem hann ber golsóttu erfðavísinn sem bændur hafa spurt talsvert um á undanförunum árum. Auk golsóttu



12-949

litarins má fá undan Jónasi alla aðra liti leyfi móðurætt afkvæmanna slíkt. Jónas er einnig öflugur lambafaðir þó hann keppi kannski ekki við allra bestu hrútana um gerð afkvæma. Auk þess að hafa verið notaður á heimabúi hefur Jónas verið notaður á Kóparykjum, Kjalvararstöðum, Deildartungu og Hellubæ. Nú í haust var fallþungi afkvæma hans heima í Miðgarði 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,9 og fyrir fitu 8,0. Meðalfallþungi á búinu var 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og fitu 7,6.

BLUP-kynbótamat Jónasar fyrir dætraeiginleika er honum mjög hagfellt hvað varðar frjósemi og sem afurðaðer verða þær einnig yfir meðallagi. Jónas hefur verið DNA-greindur m.t.t. Pokugens og ber ekki slíkan frjósemiserfðavísi.

Móðir hans, Ugly 07-009 var upphaflega sett á sem smálamb og höfð geld en hefur eftir það alltaf verið þrílembd, utan eitt skipti fjórlembd og hefur 6,3 afurðastig.

**Litaerfðir:** Jónas er arfblendinn fyrir golsóttum lit í A-sæti, gefur einnig mórautt og tvíliti.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2012-47-106-30/3,6/4,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,0-18,0-7,5-8,0-8,5=83,0 stig



## Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.



# Hvati

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:




FFF: Frosti 07-843, FMFF: Busi 03-946, MMFF: Bjálki 06-995, FFFF, MFF og MMFFF: Raftur 05-966



13-926

Hvati 13-926		2015
LAMBHRÚTASKÖPUN	Fjöldi	302
	Pungi	45,8
	Fótleggur	106
	Læri	17,7
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	31,0
	Ómfita	2,8
	Lögun	4,2



**Lýsing:** Hvítur, með fríðan haus, fínhyrndur en örliðið krapphyrndur. Herðar eru örliðið háar en bringan breið og brjóstkassi nokkuð sívalur. Átak á baki er feikna gott, malir fylltar og breiðar. Lærahold eru mikil, vöðvinn þykkur og mjög vel lagaður. Hvati er samanrekin holdakind, fremur bolstuttur en samsvarar sér þó vel á velli.

**Ullarlýsing:** Gulur á

haus og fótum, aðeins gult í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Mikið þel en lítið tog. Togið meðalfint og fremur stutt.

**Reynsla:** Hvati 13-926 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Pangað kom hann haustið 2014 að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti þar sem hann sýndi skýra yfirburði m.t.t. skrokkgæða afkvæma. Hvati var í hópi mest notuðu hrútanna síðasta vetur og komu yfir 300 synir hans til dóms nú í haust. Vænleiki afkvæma hans er heldur undir meðallagi. Synir hans eru margir hverjir samanreknir holdakögglar, sumir þó fullstuttir. Nokkuð var um mjög gul lömb í afkvæmahóp Hvata í haust. Nokkrir synir hans skipuðu verðlaunasæti á héraðs-sýningum lambhrúta nú í haust.

Takmörkuð reynsla er af dætrum Hvata en veturgamlar dætur hans á Hesti áttu að jafnaði 1 lamb vorðið 2015. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði yfir meðallagi bæði hvað varðar frjósemi og sem afurðaðær.

**Litaerfðir:** Hvati er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2013-45-104-31/2,0/4,0-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig


# Kjarni

frá Brúnastöðum, Fljótum.

Ætt:




MFF: Raftur 05-966, FMFF: At 06-806, FMMF: Kjalvar 02-943, MMFF: Týr 02-929, MMFF: Hylur 01-883.



13-927

Kjarni 13-927		2015
LAMBHRÚTASKÖPUN	Fjöldi	145
	Pungi	45,4
	Fótleggur	108
	Læri	17,6
	Ull	8,1
	Ómvöðvi	30,2
	Ómfita	2,8
	Lögun	4,0



**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með grannan haus. Átaksgóðar herðar, vel sívalur brjóstkassi og góðar útlögur. Holdgróðið bak, malir vel breiðar og holdfylltar. Lærnvöðvi þykkur og mjög vel lagaður. Bol-lengd í þökkalegu meðallagi.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur fingert, fremur stutt og grófara í baki. Jafnt og þykkt þel.

**Reynsla:** Kjarni 13-927 bættist í hóp stöðvahrúta haustið 2014 að aflokinni afkvæmarannsókn í Tröllaskagahólfi, sem fram fór á Brúnastöðum í Fljótum. Kjarni var sá hrútur í rannsókninni sem skilaði flestum topplömbum og sýndi strax að hann skilar sinni góðu gerð til afkvæmanna. Kjarni fékk ágæta notkun í sæðingum og voru um 150 synir hans dæmdir í haust. Helstu einkenni afkvæma hans eru að þau eru þéttvaxin og harðholda.

Lítill reynsla er enn fengin á dætur Kjarna en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði góðar ær. Nokkuð stór hópur veturgamalla dætra á heimabúi þar að jafnaði 1,1 lambi í vor sem var aðeins undir búsméðaltali.

**Litaerfðir:** Kjarni er arfblendinn hvítur, erfir tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.


**Mál og stigun:**

2013-45-110-35/1,1/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=87,5 stig



# Burkni

frá Mýrum 2, Hrutafirði.



FMF: Jökull 07-844, MFFF: Kuldi 03-924, MMFF: Vinur 99-867.



**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Háls stuttur og vel tengdur við breiðar mjög holdfylltar herðar. Bakið kúpt og vel holdfyllt. Malir og læri með frábæra vöðvafyllingu. Fótstaða áberandi gleið og sterkleg.

Burkni er harðholda og bollengd hans í meðallagi. Gæfur hrútur. Metfé að allri gerð.

**Ullarlýsing:** Rauðbirkinn á haus og fótum. Talsvert um gul hár í reyfi. Mjög ullarmikill. Reyfið þykkt og jafnt. Togið hrokkið og fremur gróft. Pelið mikið.

**Reynsla:** Burkni 13-951 var valinn á sæðingastöð haustið 2015. Hann er annar tveggja hrúta sem koma úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta úr

Miðfjarðarhólfi, sem framkvæmd var á Póroddsstöðum í Hrutafirði. Í afkvæmarannsókninni skilaði Burkni mörgum vel gerðum lömbum, sem sameinuðu vel góða gerð og hóflega fitu. Meðalfallþungi afkvæma hans var 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,9 og fitu 6,2. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,3 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 6,4. Á heimabúi hefur Burkni sýnt enn meiri yfirburði en fram komu í rannsókninni á Póroddsstöðum og hefur hann verið sterkasti lambafaðir búsins síðastliðin tvö haust.

Lítill reynsla er komin á dætur Burkna en 8 veturgamlar dætur hans heima á Mýrum 2 áttu að jafnaði 1,3 lömb í vor, sem var aðeins undir búsméðaltali og skiluðu þær góðum lömbum í haust. Móðir Burkna, 08-598, er frjósöm og góð afurðað. Hún var þó geld veturgömul en eftir það hefur hún tvisvar verið tvílembd og fjórum sinnum þrílembd með 6,3 afurðastig.

**Litaerfðir:** Burkni er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2013-46-106-30/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,0=84,5 stig



## Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

## Sauðfjárþændur

Framleiðum Kraftblöndu fyrir sauðfé.

Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.

Magnesiumblokk, steinefnablöndur og saltsteinar í úrvali.


Bústólpi ehf. • Sími 460 3350 • [www.bustolpi.is](http://www.bustolpi.is)

# Dreki

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

Ætt:


Dreki 13-953



MMFF: Hylur 01-883, MMMF: Svaði 94-998.



13-953



**Lýsing:** Hvítur, vel og fallega hyrndur með mjög fríðan haus. Herðar örlítið háar en bolur sívalur og útlögur góðar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir breiðar og mjög holdfylltar. Lærahold frábær, innanlærisvöðvi áberandi mikill. Fótstaða góð. Bollangur hrútur, glæsilegur í alla staði.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum. Örlítið gult á mólum. Ullarmagn í meðallagi en reyfið jafnt. Þelið allþykkt og jafnt. Togið hrokkið en fremur gróft, styttra í baki.

**Reynsla:** Dreki 13-953 kom á sæðingastöð sumarið 2015 á grunni

góðrar reynslu á heimabúi þar sem hann var efstur í allstórum samamburði í afkvæmarannsókn haustið 2014. Hann endurtók svo þann leik aftur í haust en aðalsmerki afkvæma hans er afbragðsgerð samhliða lítilli fitu og góðum vænleika. Finna mátti góða kosti í öllum afkvæmum hans en Dreki á stærsta afkvæmahópinn í ásetningslömbunum á Hriflu nú í haust. Í afkvæmarannsókninni haustið 2014 var fallþungi afkvæma hans 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 5,7. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 9,5 og fitu 6,5. Veturgamall sonur Dreka, Gammur 14-027 skilaði góðri útkomu á Hriflu í haust. Af sjálfu leiðir að lítil reynsla er fengin af dætrum Dreka. Vísbendingar eru um að þær sýni ágæta frjósemi og verði góðar afurðar líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika bendir til. Móðir hans, 10-885 var tvílembd gemlingur, einlembd tveggja vetra en ætíð tvílembd eftir það með 8,7 afurðastig.

**Litaerfðir:** Dreki er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórault né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2013-50-111-36/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

# Grímur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.

Ætt:

Grímur 14-955



FFF: Borði 08-838, MMF: At 06-806, MMMF: Lundi 03-945.



14-955



**Lýsing:** Hvítur með þróttlegan haus og vel vanin horn. Frampartur gríðarlega víður og vel lagaður. Bak holdgróið. Mala- og lærahold einstök og gerð afturhluta gerist vart betri. Fótstaða gleið og rétt. Grímur er fremur bolstuttur og ögn kviðaður. Samanrekin holdaköggull.

**Ullarlýsing:** Ljósulur á fótum. Gul hár finnast ekki í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið hrokkið og fínt, styttra í baki. Þelið nokkuð jafnt og allþykkt.

**Reynsla:** Grímur 14-955 er annar tveggja hrúta sem valdir voru inn á sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn veturgamalla hrúta í Ytri-Skógum haustið 2015.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að Grímur sé yfirburðahrútur m.t.t. holdfyllingar og kom það bæði fram í mati lifandi lamba sem og kjötmati. Sum afkvæma Gríms eru full bolstutt. Meðalfallþungi afkvæma hans var 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og einkunn fyrir fitu 6,2. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,8 kg, gerðareinkunn 10,2 og fitueinkunn 6,1.

BLUP-kynbótamat Gríms fyrir dætraeiginleika lofar góðu.

Móðir hans, Gríma 11-829, hefur staðið sig með þrýði, átti eitt lamb veturgömul og hefur ætíð verið tvílembd síðan, með 6,3 afurðastig.

**Litaerfðir:** Grímur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2014-43-105-39/1,8/5,0-8,0-8,5-9,0-10,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,0 stig

# Ofsi

frá Ásgarði, Hvammssveit.



FFF: Guffi 08-869, MFF: Skugga-Sveinn 07-876, MMF: Eldar 01-922, FMFF: Tímon 00-901.



**Lýsing:** Hvítur, fremur fínhyrndur og svipfríður með svarta dropa í andliti. Herðar fullháar og aðeins slöður aftan við bóga. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Fríður hrútur sem samsvarar sér vel.

**Ullarlýsing:** Aðeins gulur í hnakka og fótum. Ullarmikill. Svört

doppa í baki og aðeins af gulum hárum í baki. Reyfið þykkt. Þelið jafnt og þykkt. Togið jafnt, fremur fíngert.

**Reynsla:** Ofsi 14-957 kom á stöð haustið 2015 í tengslum við verkefni sem miðar að því að hafa arfhreina Pokugenshrúta á sæðingastöð en það sama gildir um Þoku-Hrein 13-937. Öll afkvæmi Ofsa munu því



14-957

bera Pokugen. Ekki er ætlast til þess að hann sé hrútafaðir, notkun hans á að miðast við að fá undan honum gimbrar til ásetnings sem verða svo frjósamar ær.

Ofsi var notaður síðasta vetur á Klifmýri á Skarðsströnd og einnig heima í Ásgarði þar sem hann var mest notaður á gemlinga. Gerð afkvæma hans er breytileg en í afkvæmahópnum í haust mátti finna nokkrar mjög álittegar ásetningsgimbrar. Fallþungi afkvæma hans í Ásgarði var 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 9,9 og fitu 7,5. Búsmeðaltalið var 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og fitu 6,9.

Sem arfhreinn Pokugenshrútur mun hann gefa mjög frjósamar dætur en jafnframt hefur hann hagstæða kynbótaspá fyrir mjólkurlagni svo dætur hans ættu einnig að verða góðar mjólkurær.

Móðir Ofsa, 11-156 var tvílembd gemlingur og tveggja vetra en þrílembd eftir það með 7,4 afurðastig.

**Litaerfðir:** Ofsi er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórault né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2014-45-111-27/2,7/3,5-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=83,0 stig




SAH Afurðir, Blönduósi - sími 455-2200 sah@sahun.is

# Heydalur

frá Heydalsá (Guðjóni Sigurgeirssyni), Steingrímsfirði.  
(Keyptur frá Bassastöðum, Steingrímsfirði)


Ætt:

Heydalur 09-929



MFF: Falur 03-980, MMFF: Skreppur 92-991.

Heydalur 09-929		2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	212
	Pungi	48,7
	Fótleggur	109
	Læri	17,2
	Ull	8,3
	Ómvoðvi	28,7
	Ómfita	3,3
	Lögun	3,8



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Herðar vel holdfylltar, bringa breið og brjóstkassinn vel hvelfdur. Bakið breitt og holdfylling góð. Malir breiðar og fylltar, lærvöðvi kúptur og þykkur. Mikil glæsikind á velli. Heydalur er sérstaklega spakur og skemmtilegur í umgengni. Hefur haldið sér mjög vel sé tekið mið af aldri.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur og ullarprúður. Ullar-



09-929

mikill og reyfið jafnt. Togið fremur fínt og hrokkið. Pelið jafnt og mikið. **Reynsla:** Heydalur 09-929 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Val hans byggðist á góðri reynslu af honum sem alhliða kynbótahrút á heimabúi og víðar í Strandasýslu. Heydalur var mest notaði kollótti hrúturinn sl. vetur og átti því stóran hóp sona í lambaskoðunum haustsins. Aðalsmerki afkvæma hans er góður þroski og mikil bollengd þar sem hann skipar sér í fremstu röð stöðvahrúta. Gerð afkvæmanna er í ágætu meðallagi en Heydalur keppir þó ekki við bestu hrútana í bakvöðvþykkt og lærastigum.

Mikil reynsla er kominn á dætur hans en hátt í 100 þeirra í Strandasýslu eru ágætlega frjósamar og yfir meðallagi mjólkurlagnar en meðal-afurðastig þeirra haustið 2014 var 5,1. Dætur Heydals þykja einnig bæði spakar og rólegar í umgengni.

**Litaerfðir:** Hreinhvítur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2009-45-105-29/3,2/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-17,5-9,0-8,0-8,5=85,5 stig

# Hreinn

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.  
(Keyptur frá Svertingsstöðum 2, Eyjafjarðarsveit)

Ætt:

Hreinn 09-930



Hreinn 09-930		2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	86
	Pungi	48,1
	Fótleggur	109
	Læri	17,4
	Ull	8,4
	Ómvoðvi	29,6
	Ómfita	3,4
	Lögun	4,0



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með sveran og þróttlegan haus. Holdfylling á herðum þokkaleg og útlögur í meðallagi. Bakið breitt og sterkt, malir holdfylltar. Góð fylling í lærum og vöðvinn kúptur. Hreinn er sterklegur hrútur og einstaklega bollangur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Ullarmagn í meðallagi. Togið stutt í baki en meðalfínt.



09-930

**Reynsla:** Hreinn 09-930 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og komu ríflega 80 synir hans til skoðunar í haust. Í þeim hópi mátti finna marga mjög góða einstaklinga en mikill þroski og góð bollengd einkenndi þá marga. Þá er bakvöðvi þeirra mjög þykkur og vel lagaður. Hreinn er því góður lambafaðir líkt og hann hafði ætíð sýnt heima á Svertingsstöðum áður en hann kom á sæðingastöð.

Dætur hans hafa síðan sýnt fáheyrða yfirburði í frjósemi ásamt því að vera góðar afurðaðær. Hreinn á flestar dætur allra hrúta á Svertingsstöðum í dag og er því mjög mótandi í framræktun stofnsins á því búi.

**Litaerfðir:** Hreinn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2009-47-110-27/4,3/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=85,0 stig

# Hnallur

frá Broddanesi 1, Kollafirði.  
(Keyptur frá Melum 1, Árneshreppi)



12-934

	Hnallur 12-934	2015
LAMBHRÚTASKOPUN	Fjöldi	105
	Pungi	49,2
	Fótleggur	109
	Læri	17,5
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	29,2
	Ómfita	3,4
	Lögun	3,8



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með fríðan en dröfnóttan haus. Herðar vel holdfylltar og útlögur í meðallagi. Gott átak á baki, malir breiðar og holdfylltar. Feiknaðflugur lærvöðvi. Bollangur hrútur sem samsvarar sér vel og afturpartur hans er einstaklega vel gerður.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum, aðeins um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi.

Jafnt og þykkt þel. Togið fremur stutt og í meðallagi fínt en grófara í baki.

**Reynsla:** Hnallur 12-934 var einn þeirra hrúta sem bættist í hóp stöðvahrúta að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2014. Þessi fyrsti hópur lamba tilkominn með sæðingum, sem kom til skoðunar í haust, ber Hnalli gott vitni. Hann skilar sinni góðu gerð til afkvæma sinna, sem bæði kemur fram í dómum á lifandi lömbum og einnig í því hve hátt hlutfall sláturlamba undan honum fer í holdfyllingarflokk E.

Lítill reynsla er enn fengin af dætrum Hnalls en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika sýnir frjósemi aðeins undir meðaltali og afurðasemi í meðallagi. Bændur í Árneshreppi sem eiga Hnallsdætur telja þær góðar afurðasær en frekari upplýsingar úr skýrsluhaldinu á komandi árum munu staðfesta hvort sú verði raunin víðar.

**Litaerfðir:** Hnallur er arfhreinn hvítur.

**Artgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


**Mál og stígun:** 2012-52-105-32/3,7/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig

**GODI**  
-alltaf góður


*Eðalhráefni frá íslenskri náttúru*

# Spotti

frá Árbæ, Reykhólasveit.



FFF: Frakksson 03-974, MFF: Kostur 98-895, MMF: Dímon 01-932.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með þróttlegan og sterklegan haus. Góð holdfylling um háls og herðar, bringan breið og frampartur sívalur. Breitt, sterkt og holdfyllt bak. Malir vel vöðvafylltar og kúptar. Lærahold ágæt. Fætur

sterkir og fótstaða góð. Vörpulegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum, gulur í hnacka. Svartar doppur í baki og á bol. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Allþykkt og jafnt þel. Togið stutt í baki annars jafnt en fremur gróft aftantil.

**Reynsla:** Spotti 13-942 (áður Sproti) kom á stöð haustið 2015 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima í Árbæ. Hann vakti



13-942

þó fyrst athygli sem lamb sem glæsilegur einstaklingur og bróðir hans einnig. Spotti átti öflugan afkvæmahóp haustið 2014 og var fallþungi þeirra 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og fitu 7,7. Meðalfallþungi á búinu var 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og fitu 7,7. Nokkuð var selt af sonum hans haustið 2014 og skila þeir flestir góðum niðurstöðum haustið 2015.

Lítill reynsla er enn fengin af dætrum Spotta en af 6 veturgömlum dætrum hans vorið 2015 voru 3 tvílembdar, 2 einlembdar og 1 geld. Þær skiluðu góðum lömbum í haust. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði bæði frjósamar og góðar afurðær.

Móðir hans, 08-266, var tvílembd gemlingur, einlembd tveggja vetra en síðan þrisvar þrílembd og tvisvar tvílembd með 7,6 afurðastig.

**Litaerfðir:** Spotti er arfhreinn hvítur.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2013-61-108-34/4,5/4,5-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

# Voði

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



FMMF: og MMFF: Glæsir 98-876.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með kröftugan og svipmikinn haus. Háls og herðar vel holdfyllt, bolurinn mjög sívalur og útlögur miklar. Bak breitt og vel holdfyllt. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvi feikilega þykkur og

innanlærisvöðvi góður. Fótstaða gleið en mætti vera sterklegri. Áberandi breiðvaxin og höfðingleg kind.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum. Aðeins gult í reyfi á mölum. Þelið mikið og fínt. Togið í meðallagi fínt, fremur hrokkið og jafnt. Ullarprúður.

**Reynsla:** Voði 13-943 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2015 að lokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta af Ströndum en hún fór fram á Smáhörmum. Voði var sá kollótti hrútur sem þótti sýna



13-943

hvað besta útkomu úr rannsókninni. Í mati á lifandi lömbum átti hann einn glæsilegasta hópinn. Hann skilaði einnig góðu gerðarmati í sláturhúsi en fitumatið dregur hann aðeins niður í einkunn. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og fyrir fitu 7,9. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,8 kg fall, gerðareinkunn 10,2 og fitueinkunn 7,5. Afkvæmahópar Voða á Heydalsá, bæði haustið 2014 og 2015 hafa einnig gefið til kynna að hann sé úrvalsgóður lambafaðir.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur Voða sýni frjóssemi um meðaltal og verði ágæt afurðær.

Móðir hans, 08-005, átti eitt lamb veturgömul og var ætíð síðan tvílembd, með 3,7 afurðastig. Þess má geta að öll lömb, sem slátrað hefur verið undan henni, utan eitt, hafa flokkast í holdfyllingarflokk E og meðalfallþungi þeirra 19,3 kg.

**Litaerfðir:** Voði er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2013-52-106-28/2,8/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig



# Þarft þú að gefa fé?

-við framleiðum þrjár útfærslur af gjafagrindum

Gjafagrind til notkunar úti eða á taði, fyrir allt að 30 kindur.

- Létt og meðfærileg
- Sterk
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Rúllugrindur fyrir stórgripi

- Frábær hönnun
- Mjög einföld í notkun
- Sterk og meðfærileg

Gjafagrind til notkunar innandyra, fyrir allt að 70 kindur.

- Þrjár gerðir
- Sterk
- Auðveld í notkun
- Sérstakar slæðigrindur
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni



## FELDFJÁRHÚTUR

# Lobbi

frá Melhól, Meðallandi  
(Keyptur frá Þykkvabæjarklaustri 2, Álftaveri)

Ætt:



09-939

**Lýsing:** Grár, kollóttur með stuttan haus. Aðeins grófur um herðar en útlögur þokkalegar. Vöðvafylling í baki allgóð. Mala- og lærahold slök en bollengd góð. Fætur réttir. Snotur hrútur og rólegur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Grár, nokkuð jafn litur en ljósari að framan. Dökkur áll í baki. Ullin mjög fingerð. Togið lítið, fingert og hrokkið. Ullin mikil miðað við aldur.

**Reynsla:** Lobbi 09-939 kom á stöð sumarið 2015 til áframhaldandi viðhalds á feldfé og leysir þar af hólmi Gráfeldi 08-894. Feldfé hefur verið ræktað í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er ekki stór. Við ræktun feldfjár er lagt mat á fimm ullareiginleika. Þeir eru: Hreinleiki litar, lokkun ullar, þéttleiki ullar, gljái og hárgæði. Þessa ullareiginleika er auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra er hátt

en rétt að taka fram að ullargæði koma ekki fram strax í fyrstu kynslóð. Þar sem til eru ær undan Gráfeldi væri gott að nota Lobba á þær til framræktunar en lítill skyldleiki er milli þeirra tveggja. Lobbi gefur að sögn þeirra sem hann hafa notað einstaklega mikil feldgæði. Ull af fé með mikil feldgæði er mjög skemmtileg viðkomu og rétt að viðhalda framleiðslu hennar með það í huga að vaxandi eftirspurn er eftir henni meðal handverksfólks. Rétt er að taka fram að Lobbi er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag.

**Litaerfðir:** Lobbi er arfblendinn grár, gefur einnig mórault og tvílit.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## FORYSTUHRÚTUR

# Ungi

frá Sandfellshaga 1, Öxarfirði.  
(Keyptur frá Vestaralandi 2, Öxarfirði).

Ætt:



13-938

MFF: og MMF: Leifur 02-900, FM: Gráhosa 03-379 var einnig FM Jóakims 08-863

**Lýsing:** Ungi er svartkrögublesóttur að lit, hyrndur og hefur nú sinn fyrsta vetur á sæðingastöð. Ungi er að vexti eins og forystukindur eiga að vera, léttbyggður, hávaxinn og reistur. Hann er svipfríður með greindarlegt yfirbragð, kjarkaður í fasi og árvökull. Hann virðist ljúfur og þjáll í rekstri og á húsi fer fátt framhjá vökulum og kvikum augum hans. Af þessu má ráða að Ungi býr yfir þeim forystueiginleikum sem forfeður hans hafa borið kynslóða milli áratugum og öldum saman. Meðal þeirra má finna þekktu og gengna höfðingja eins og Leif 02-900 og Jóakim 08-863 sem stikuðu um hrútakrubbur sæðingastöðvanna fyrir ekki svo margt löngu.

Ungi er þaulræktuð forystukind úr hinni landsfrægu forystufjarræktun í N-Þingeyjarsýslu. Eins og ættartalan sýnir rekur Ungi ættir sínar á marga bæi á svæðinu. Ræktun forystufjár á þessu svæði hefur verið sinnt af alúð og kostgæfni og fá nú aðrir áhugamenn um ræktun forystufjár notið þessa göfuga starfs með vali forystuhrúta á sæðingastöðvarnar, til gamans og vonandi gagns en ekki síst til varðveislu þessa einstaka eiginleika íslenska sauðfjárins.

**Litaerfðir:** Undan Unga geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt þar sem hann er einnig tvílit auk þeirra litaerfða sem eigið útlit sýnir.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus



# Þú kemst alltaf í bankann á L.is

Farsímabanki Landsbankans, L.is, hefur fengið nýtt útlit og viðbætur sem veita þér enn betri yfirsýn yfir fjármálin þín. Í honum geturðu framkvæmt allar helstu bankaaðgerðir hvar sem þú ert og þarft engan auðkennislykil.

Enginn auðkennislykill

Einfaldur í notkun

Helstu aðgerðir við höndina



# Hrútar 2015-16, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2015

Hyrndir Númer	Nafn	Fjöldi	Pungt.	ÖMV	ÖMF	Lögn	Fótl.	Haus	H+h	B+útl.	Bak	Mallr	Lærtr	Úll	Fætur	Samr.	Alls	K.gerð	K.fitta	K.skrokkgaði	K.frjósemi	K.mjólkurlagni	K.heild	Stöð 2015-16
08-840	Kjarkur	40	46,8	29,2	2,8	4,0	109	8,0	8,2	8,6	8,5	8,6	17,4	7,9	8,0	8,3	83,5	103	111	107	107	113	109	Fallinn
08-869	Guffi	98	47,2	29,6	3,0	4,0	108	7,9	8,2	8,5	8,6	8,6	17,4	7,9	8,0	8,2	83,3	110	110	110	114	103	109	Fallinn
08-901	Bósi	316	47,2	29,5	2,9	3,9	107	8,0	8,2	8,5	8,5	8,5	17,3	7,7	8,0	8,3	82,9	100	104	102	125	124	117	Laugardælar
09-877	Ás	66	47,6	28,9	3,0	4,0	108	8,0	8,3	8,6	8,5	8,7	17,7	8,1	8,0	8,2	84,1	116	111	114	94	95	101	Fallinn
09-881	Rafall	134	46,3	29,4	3,2	3,9	108	8,0	8,1	8,5	8,4	8,5	17,3	8,0	8,0	8,3	83,0	105	104	105	110	107	107	Fallinn
09-902	Guðni	100	49,3	29,6	2,9	4,0	109	8,0	8,4	8,7	8,7	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,2	103	114	109	118	113	113	Fallinn
10-884	Grámann	73	45,5	29,3	3,0	4,0	108	8,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,4	7,9	8,0	8,2	83,4	111	107	109	98	110	106	Fallinn
10-903	Hængur	147	47,0	30,8	2,9	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	8,0	8,0	8,2	83,6	116	108	112	101	114	109	Laugardælar
10-905	Myrkvi	110	47,4	29,8	3,0	4,0	110	8,0	8,1	8,4	8,5	8,5	17,4	7,9	8,0	8,2	83,2	110	117	114	109	101	108	Fallinn
10-906	Salamon	138	47,2	30,2	2,7	4,1	108	8,0	0,0	8,6	8,7	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,0	114	110	112	108	108	109	Borgarnes
10-907	Váli	76	48,3	29,3	2,7	4,0	110	8,0	8,2	8,4	8,5	8,6	17,3	7,9	8,0	8,3	83,1	111	116	114	106	111	110	Fallinn
10-918	Drumbur	107	46,0	29,9	2,8	4,2	107	7,9	8,4	8,6	8,7	8,7	17,6	8,0	8,0	8,2	84,0	121	101	111	102	105	106	Fallinn
10-919	Höfðingi	163	46,7	29,0	3,2	3,9	109	8,0	8,2	8,5	8,5	8,5	17,2	8,0	8,0	8,2	82,9	103	99	101	107	111	106	Borgarnes
10-920	Kölski	307	46,3	30,2	2,9	4,1	109	8,0	8,3	8,6	8,7	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	83,9	111	114	113	120	106	113	Borgarnes
10-945	Kornelius																							
11-895	Drífandi	73	45,1	29,9	2,7	4,0	108	7,9	8,3	8,5	8,5	8,6	17,4	7,9	8,0	8,2	83,4	117	104	111	114	103	109	Laugardælar
11-896	Prúður	39	45,0	28,6	2,8	3,9	108	8,0	8,2	8,4	8,4	8,5	17,3	7,9	8,0	8,1	82,8	116	100	108	107	101	105	Fallinn
11-908	Garri	213	46,5	30,2	2,8	4,1	108	8,0	8,3	8,5	8,7	8,7	17,6	8,0	8,0	8,3	84,2	120	113	117	101	99	106	Borgarnes
11-921	Putti	105	46,9	30,4	2,5	4,0	108	8,0	8,1	8,4	8,6	8,6	17,4	7,9	8,0	8,3	83,2	105	116	111	107	101	106	Fallinn
11-922	Tjaldur	260	46,3	30,5	3,1	4,1	109	7,9	8,3	8,5	8,6	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	83,7	123	103	113	122	99	111	Laugardælar
11-946	Borkó																							
11-947	Kraftur																							
12-911	Bekri	147	47,9	30,2	3,1	4,1	108	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,5	7,8	8,0	8,3	83,6	115	105	110	107	106	108	Laugardælar
12-912	Bursti	69	45,4	31,2	2,8	4,2	107	8,0	8,3	8,6	8,8	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,1	123	109	116	90	106	104	Fallinn
12-913	Skratti	116	46,5	30,6	2,9	4,0	109	8,0	8,1	8,4	8,6	8,6	17,5	7,7	8,0	8,3	83,1	111	107	109	99	103	104	Laugardælar
12-914	Vetur	135	46,4	30,7	2,8	4,3	107	7,9	8,4	8,7	8,8	8,8	17,8	7,7	8,0	8,3	84,2	115	107	111	108	98	106	Borgarnes
12-915	Saumur	369	46,7	31,1	2,7	4,2	105	8,0	8,3	8,6	8,7	8,7	17,8	7,8	8,0	8,2	84,2	123	111	117	98	101	105	Laugardælar
12-923	Danni	218	46,9	30,6	3,0	4,0	107	8,0	8,4	8,7	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,4	123	115	119	100	104	108	Fallinn
12-924	Jóker	247	45,3	30,6	2,7	4,1	109	8,0	8,3	8,5	8,7	8,7	17,4	7,9	8,0	8,2	83,7	107	119	113	100	110	108	Borgarnes
12-925	Vörður	75	46,1	29,7	2,6	3,9	111	8,0	8,1	8,3	8,4	8,4	17,1	7,9	8,0	8,2	82,4	102	117	110	107	102	106	Laugardælar

12-948	Hrauni																		117	97	107	101	105	104	Borgarnes
12-949	Jónas																		115	90	103	120	104	109	Laugardælar
12-950	Kaldi																		115	112	114	103	107	108	Borgarnes
13-926	Hvati	302	45,8	31,0	2,8	4,2	106	8,0	8,3	8,5	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,0	119	107	113	102	103	106	Laugardælar	
13-927	Kjarni	145	45,4	30,2	2,8	4,0	108	7,9	8,2	8,5	8,5	8,7	17,6	8,1	8,0	8,2	83,7	118	96	107	104	104	105	Laugardælar	
13-928	Lækur	108	45,9	30,0	3,0	4,0	107	7,9	8,3	8,6	8,6	8,7	17,6	7,9	8,0	8,1	83,7	112	108	110	101	107	106	Borgarnes	
13-951	Burkni																		123	112	118	101	107	109	Laugardælar
13-952	Börkur																		122	111	117	103	107	109	Borgarnes
13-953	Dreki																		122	117	120	102	111	111	Laugardælar
13-954	Tangi																		116	107	112	98	106	105	Borgarnes
14-955	Grímur																		128	104	116	104	107	109	Laugardælar
14-956	Svimi																		122	99	111	102	106	106	Borgarnes
14-957	Ofsi																		101	97	99	116	108	108	Laugardælar

**Meðaltal hyrndir:** **4.496** **46,5** **30,2** **2,9** **4,1** **108** **8,0** **8,3** **8,5** **8,6** **8,6** **17,6** **7,9** **8,0** **8,3** **8,3** **83,7**

**Kollóttir**

09-887	Höttur	63	48,3	28,9	3,5	3,8	109	7,9	8,3	8,4	8,4	8,5	17,5	8,0	8,0	8,3	83,4	107	105	106	117	110	111	Fallinn	
09-929	Heydalur	212	48,7	28,7	3,3	3,8	109	7,9	8,2	8,3	8,3	8,5	17,2	8,3	8,0	8,4	83,2	104	107	106	102	107	105	Laugardælar	
09-930	Hreinn	86	48,1	29,6	3,4	4,0	109	7,9	8,3	8,4	8,6	8,6	17,4	8,4	8,0	8,4	84,0	103	115	109	118	104	110	Laugardælar	
10-889	Baugur	29	49,6	29,8	3,2	4,1	110	7,9	8,3	8,5	8,6	8,6	17,6	8,3	8,0	8,3	84,1	109	115	112	98	108	106	Borgarnes	
10-897	Roði	83	49,3	29,3	3,3	4,0	111	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,6	7,9	8,0	8,4	84,3	107	116	112	99	108	106	Borgarnes	
10-931	Radix	64	48,8	28,4	3,4	3,8	110	7,9	8,3	8,5	8,4	8,5	17,4	8,0	8,0	8,2	83,3	101	111	106	116	117	113	Fallinn	
10-932	Safir	22	47,4	29,5	3,0	3,8	109	7,9	8,2	8,4	8,5	8,5	17,3	8,2	7,9	8,3	83,3	102	97	100	96	107	101	Fallinn	
11-933	Faldur	28	46,2	29,8	3,5	3,9	110	7,9	8,3	8,5	8,6	8,6	17,3	8,2	8,0	8,3	83,7	113	96	105	95	98	99	Borgarnes	
12-934	Hnallur	105	49,2	29,2	3,4	3,8	109	7,9	8,3	8,5	8,5	8,6	17,5	8,0	8,0	8,4	83,6	116	102	109	97	101	102	Laugardælar	
12-935	Skafti	37	47,2	29,7	3,1	4,0	108	7,9	8,4	8,6	8,6	8,6	17,6	8,2	8,0	8,4	84,4	114	100	107	95	104	102	Fallinn	
12-936	Sprotti	149	48,7	29,4	3,0	3,9	110	7,9	8,3	8,5	8,5	8,6	17,5	8,3	8,0	8,3	83,8	115	104	110	100	107	106	Fallinn	
13-937	Poku-Hreinn	51	47,0	29,2	3,1	3,8	110	7,9	8,2	8,4	8,4	8,4	17,1	8,1	8,0	8,3	82,8	96	113	105	127	111	114	Borgarnes	
13-940	Krapi																		125	122	124	108	108	113	Borgarnes
13-941	Serkur																		112	108	110	96	114	107	Borgarnes
13-942	Spotti																		120	95	108	107	112	109	Laugardælar
13-943	Voði																		123	95	109	101	104	105	Laugardælar
13-944	Magni																		124	103	114	96	104	105	Borgarnes

**Meðaltal kollóttir:** **929** **48,5** **29,2** **3,3** **3,8** **109** **7,9** **8,3** **8,5** **8,5** **8,6** **17,4** **8,2** **8,0** **8,3** **8,3** **83,6**

**Meðaltal allir:** **5.425** **46,9** **29,8** **3,0** **4,0** **108** **8,0** **8,3** **8,5** **8,6** **8,6** **17,5** **8,0** **8,3** **8,3** **84,0**




## SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2015- 2016

### HYRNDIR HRÚTAR

# Salamon

frá Hömrum, Grundarfirði.  
(keyptur frá Syðri-Bægisá, Öxnadal)



10-906

MMF-, MFFF- og MFMF: Lækur 02-031 sonur Læks 97-843.

	Salamon 10-906	2014	2015
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	284	138
	Bungi	47,8	47,2
	Fótleggur	108	108
	Læri	17,6	17,6
	Ull	7,9	7,9
	Ómvöðvi	30,0	30,2
	Ómfita	2,7	2,7
	Lögun	4,1	4,1

**Lýsing:** Svartur, með þröttlegan haus en krapphyrndur. Herðar aðeins þröngar og háar. Bringan breið og útlögur góðar. Bakið sterkt og átaksgott. Malir vel lagaðar með ágæta vöðvafyllingu og lærahold góð. Bollengd í meðallagi. Fótstaða góð.

**Ullarlýsing:** Hélusvartur. Allmikið um grá hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Reyfið nokkuð jafnt en styttra í baki. Togið meðalgróft.

**Reynsla:** Salamon 10-906 hefur nú sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann er því kominn í hóp reynslumeiri hrúta stöðvanna. Sem lambafaðir skilar hann yfirleitt góðri gerð, sérstaklega í baki, mölum og lærum, ásamt hóflegri fitu en stundum öriltum grófleika um herðar. Salamon fer vel af stað sem ærfaðir. Sá hópur af ám sem til er undan honum norður í Hörgárdal er frjósamur og mjólkur vel, en sl. haust voru 34 dætur hans með 5,4 afurðastig að meðaltali. Kynbótamat fyrir mjólkurlagni hækkar milli ára. Fyrsti hópurinn tilkominn við sæðingar bar í vor. Um 400 veturgamlar dætur hans áttu 1,1 lamb að jafnaði og stóð því kynbótamat fyrir frjósemi undir væntingum. Reynslan gefur því til kynna að Salamon muni reynast öflugur alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Salamon er svartur, hefur erfðavisi fyrir tvílit en ekki fyrir mórauðum lit – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



**Mál og stigun:** 2010-45-107-31/2,2/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

# Heiniger

## TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM  
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA



GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON  
TÚNGÖTU 16 - HVANNEYRI - 311 BORGARNES  
SÍMAR: 437 0099 OG 860 7305 EFTIR KL. 17:00

# Úrval vöru fyrir sauðfjárbóndann

## Ærblöndurnar frá Líflandi

### Ærblanda háprótein með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengiðli.

### Ærblanda Líf

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.

### Frír flutningur

Lífland býður frían flutning á ærblöndum á næstu stöð Landflutninga, hvert á land sem er til og með 18. desember n.k. Miðað er við pöntun sem er 150 kg eða stærri.

**Ærblöndurnar** fást í 25 og 500 kg sekkjum. Stórsekkirnir eru nettir, fjögurra hanka sekkir sem gott er að snúast með.

**Endursöluaðilar:** BúAðföng, Jötunn - Vélar, Auðbert og Vigfús Páll, Vélsmiðja Hornafjarðar og KM þjónustan.



## Fjölbreytt úrval af rekstrarvöru fyrir sauðfé



Rautt Tranol A, D og E-vítamín með seleni



Kindamúll



Lyfjasprautur



Himag steinefnafata fyrir búfénað



Steinefna- og vítamín-bættur saltsteinn


Kynntu þér úrvalið í verslunum Líflands og á [www.lifland.is/vefverslun](http://www.lifland.is/vefverslun)

# Höfðingi

frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal.

Ætt:

Höfðingi 10-919



10-919

Höfðingi 10-919		2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	163
	Pungi	46,7
	Fótleggur	109
	Læri	17,2
	Ull	8,0
	Ómvoðvi	29,0
	Ómfita	3,2
	Lögun	3,9

**Lýsing:** Hyrndur, mórauður með svipmikinn haus. Fremur grófur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak sterkt, malir langar og fylling þokkaleg. Lærvoðvi er kúptur og vel lagaður. Höfðingi er bollangur hrútur og myndarlegur á velli.


**Ullarlýsing:** Dökkmórauður með mikla og fallega mórauða ull. Mórauði liturinn er jafn um allt reyfið. Togið í meðallagi gróft og jafnt, fremur hrokkið.

**Reynsla:** Höfðingi 10-919 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk umtalsverða notkun síðasta vetur. Allstór hópur hrútlamba kom til skoðunar undan honum í haust og í þeim hópi mátti finna mörg ágæt hrútsefni. Gerð þeirra er breytileg en mörg eru fallega mórauð enda megingangurinn með veru Höfðingja á stöð, að kynbæta mórauða féð í landinu.

Talsverð reynsla er fengin á Höfðingja sem ærföður en dætur hans eru frjósamar í meðallagi og góðar afurðaðær en 40 dætur hans höfðu 5,3 afurðastig að jafnaði haustið 2014.

**Litaerfðir:** Höfðingi er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



**Mál og stigun:**


2010-50-111-31/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,0 stig

# Kölski

frá Svínafelli 2 - Víðihlið, Örfæsasveit.

Ætt:

Kölski 10-920



10-920

MMF: Vísir 01-892, MMMF: Víðir 98-887

Kölski 10-920		2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	307
	Pungi	46,3
	Fótleggur	109
	Læri	17,6
	Ull	7,8
	Ómvoðvi	30,2
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,1

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Bringan er breið og herðar með góðri holdfyllingu en lítills háttar slöður fyrir aftan bóga. Breitt og sterkt bak. Mala- og lærahold góð. Kölski er sterklegur hrútur, bollangur og samsvarar sér vel.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur í baki. Togið meðalfínt en stutt ofantil. Svört doppa á mölum.

**Reynsla:** Kölski 10-920 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2014 og er því að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk geysilega mikla notkun síðasta vetur sem skilar sér í því að hann er einn af þeim hrútum sem á hvað flesta skoðaða syni í haust. Útkoman var góð sem staðfestir að hann er prýðilegur lambafaðir. Hann skipar sér m.a. á bekk með bestu stöðvahrúttunum m.t.t. bakvöðvabykkta. Hann skilar vænum og tígulegum lömbum sem sameina vel góða gerð og hóflega fitusöfnun. Allar upplýsingar um dætur hans byggjast enn eingöngu á dætrum fæddum heima á Svínafelli. Hann var með mjög hátt kynbótamat fyrir frjósemi sem heldur styrktist eftir góða útkomu hjá dætrum hans í vor. Útlit er fyrir að þær verði mjólurlagnar en að loknu haustuppgjöri 2014 voru meðalafurðastig 5,2 hjá 33 dætrum. Kölski styrkir því stöðu sína sem álitlegur alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Kölski er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



**Mál og stigun:**


2010-40-109-30/2,1/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

# Kornelíus


frá Stóru Tjörnum, Ljósavatnsskarði

Ætt:

Kornelíus 10-945



MF: Stapi 01-091 var faðir Grána 03-957, MFF: Prúður 94-834, MMMF: Fóli 88-911.



**Lýsing:** Grábotnóttur með fríðan haus og vel hyrndur. Háls sver, herðar í hærra lagi en prýðilega holdfylltar. Bakhold góð. Holdfylling í mölum og lærum ágæt. Mjög bollangur, stór og sterklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Grábotnóttur en grái liturinn ójafn, ullin fremur lítil. Pelið nokkuð jafnt en ekki þykkt. Togið mjög stutt en fremur fínt.

**Reynsla:** Kornelíus 10-945 kom á sæðingastöð sumarið 2015 á grunni góðrar reynslu af honum



10-945

sem lambaföður á heimabúi. Fyrstu tvö æviárin var hann í Klauf í Eyjafjarðarsveit en kom svo aftur heim að Stóru-Tjörnum haustið 2012 þar sem hann hefur verið notaður síðan. Afkvæmi hans eru þroskamikill og undan honum hafa komið margir úrvælsvel gerðir gripir. Nú í haust var fallþungi afkvæma hans 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og fitu 8,3. Meðalfallþungi á búinu var 20,0 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og fitu 8,1. Stór hluti afkvæma hans var settur á í haust. Kornelíus hentar öðru fremur þar sem vænleiki er mikill.

BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði bæði frjósamar og góðar afurðaðar og fyrstu vísbendingar um dæturnar eru í þá átt en dætrahópurinn er enn frekar smár vegna þess að notkun Kornelíusar var lítil fyrstu þrjú æviár hans.

Móðir hans, Hekla 06-003 var einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 6,8 afurðastig.

**Litaerfðir:** Kornelíus er arfblendinn fyrir gráum og botnóttum lit í A-sæti. Jafnframt hefur hann erfðavísi fyrir mórauðum lit og tvílit.

**Artgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:


2010-54-116-36/2,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=85,5 stig

# Garri

frá Stóra-Vatnshorni, Haukadál.

Ætt:

Garri 11-908



MFF: Kuldi 03-924.

	Garri 11-908	2014	2015
LAMBHRÚTASKÖBUN	Fjöldi	400	213
	Þungi	46,1	46,5
	Fótleggur	108	108
	Læri	17,5	17,6
	Ull	8,0	8,0
	Ómvöðvi	30,5	30,2
	Ómfita	2,8	2,8
	Lögun	4,1	4,1



**Lýsing:** Hvítur, mjög vel hyrndur með þróttlegan og svipmikinn haus. Háls stuttur og herðar vel fylltar. Bringan breið og útlögur miklar. Breitt bak með þykkum vöðva. Malir feikilega vel holdfylltar. Þykkur, kúptur og mikill lærvöðvi. Garri er örlítið útskeifur á öðrum framfæti. Frisklegur hrútur og glæsilegur á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum, aðeins gult í reyfi. Mjög ullarmikill,



11-908

reyfið þykkt og jafnt. Tog í meðallagi langt og fremur fínt. Pelið mjög mikið og þykkt.

**Reynsla:** Garri 11-908 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2013 og er þetta því þriðji vetur hans á sæðingastöð. Hann sýndi strax heima á Stóra-Vatnshorni að hann væri magnaður lambafaðir og það hefur hann sýnt áfram eftir að hann fékk hina víðtæku notkun í gegnum sæðingarnar. Líkt og kynbótamat hans gefur til kynna þá sameinar hann frábærlega hóflega fitu og góða gerð í afkvæmum sínum.

BLUP-kynbótamat Garra fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að hann verði um meðallag sem ærfaðir. Veturgamlar dætur hans tilkomnar við sæðingar áttu að jafnaði 1,1 lamb nú í vor og telja þær vel á sjöunda hundradið. Dætur á heimabúi skiluðu afurðum í tæpu meðallagi samkvæmt haustþuppgjöri 2014 með 4,9 afurðastig en mun öruggara mat fæst þegar upplýsingar um dætur skila sér eftir árið 2015.

**Litaerfðir:** Garri er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.


**Artgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

Mál og stigun:

2011-49-106-34/2,6/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=86,5 stig

# Kraftur

frá Hagalandi, Pistilfirði.  
(Keyptur frá Laxárdal, Pistilfirði)



MMF og FMMF: Fróði 04-963, MMMF: Moli 00-882



11-947



**Lýsing:** Hvítur, krapp-hyrndur með sver horn. Haus þróttlegur og háls sver og vel bundinn. Herðar í hærra lagi en vel holdfylltar. Útlögur geysimiklar. Bakið sterkt og holdfyllt. Malir kúptar og vel vöðvaðar. Lærahöld góð. Fætur

sterkir og fótstaða góð. Bollangur og sterkbyggður hrútur.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum. Svört doppa á bol, í baki og á síðu. Engin gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Pel allþykkt. Togið fremur gróft, stutt í baki en hrokkið.

**Reynsla:** Kraftur 11-947 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2015. Hann kom sem lambhrútur frá Hagalandi frá Laxárdal haustið 2011 og hefur verið notaður þar síðan með feikigóðum árangri. Strax

fyrsta haustið stóð hann efstur hrúta í Laxárdal samkvæmt kjötmatsupplýsingum en þá hafði hann verið notaður á veturgamlar ær. Árið eftir var hann notaður á hóp af ám á ýmsum aldri. Þá lék hann aftur sama leikinn og fékk bestu kjötmatsniðurstöður allra hrúta á búinu. Meðalfallþungi afkvæma hans var 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og fitu 7,4. Meðalfallþungi búsinns var þá 16,5 kg, gerðareinkunn 9,4 og fitueinkunn 7,4.

Sú reynsla sem komin er á Kraft sem ærföður lofar góðu. Samkvæmt skýrslum fjárræktarfélaganna átti hann 15 dætur sem skiluðu lömbum haustið 2014 og var meðalfurðastig þeirra 5,7 og frjósemi vel yfir búsméðaltali. Móðir hans, Pynnirós 07-705 er geysilega farsæl afurðær, en hún hefur átt lömb átta sinnum, alltaf verið tvílembd og er með 7,7 afurðastig.


**Litaerfðir:** Kraftur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2011-44-108-32/2,1/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

# Vetur

frá Hesti, Borgarfirði.



MFF: Bjálki 06-995, FMFF: Kveikur 05-965, FMMF: Kuldi 03-924, MMMF: Gaddur 04-950, MMMF: Lóði 00-871



12-914

	Vetur 12-914	2014	2015
LAMBRÚTASKODUN	Fjöldi	131	135
	Þungi	45,8	46,4
	Fótleggur	108	107
	Læri	17,6	17,8
	Ull	7,7	7,7
	Ómvöðvi	31,0	30,7
	Ómfita	2,7	2,8
Lögun	4,2	4,3	

**Lýsing:** Hvítur, vel hyrndur með stuttan, svipfríðan haus. Herðar heldur háar og vantar aðeins í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og breitt með þokkalegu átaki. Malir vel lagaðar með góða vöðvafyllingu. Þryðilega löguð læri. Bollengd góð. Fætur réttir og sterkir. Gæfur og skemmtilegur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus, fótum og dindli. Mikil um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið mikið

en stutt í baki, fremur gróft. Þelið þokkalega þykkt en jafnt.

**Reynsla:** Vetur 12-914 er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð en þangað kom hann að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2013. Hann fékk talsverða notkun síðustu tvo vetur og rúmlega 130 hrútlömb komu til skoðunar undan honum hvort haust, 2014 og 2015. Afkvæmi hans eru mjög jafnvaxin, mörg með áberandi öflug mala- og lærahöld. Afkvæmi Veturs skipuðu honum í hóp efstu hrúta þegar heildarstig lamba voru borin saman nú í haust. Nokkuð var um ullargalla í afkvæmahóp hans á þessu hausti. Nokkrir veturgamlir synir hans skiluðu góðum niðurstöðum nú í haust, sérstaklega hvað gerð sláturlamba snertir.

Allstór hópur dætra Veturs sýndi mjög góða frjósemi vorið 2015 og hækkaði BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi nokkuð í síðasta útreikningi. Mat fyrir mjólkurlagni er aðeins undir meðaltali en betri mælikvarði fæst á það í haust þegar upplýsingar um dætur fyrir árið 2015 skila sér í hús.

**Litaerfðir:** Vetur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2012-46-110-29/2,6/4,5-8,0-8,5-8,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=83,5 stig



# KUBOTA á svar við öllum þörfum

Eigum fyrirbyggjandi KUBOTA traktora í 4 stærðum og gerðum.



## KUBOTA M8560

**Tilvalin í snatt og gjafir. Einstaklega lipur og skemmtileg tækjavél.**

85 hestöfl. 6 gíra kassi með milligír. Kúplingsfrír vendigír.  
2 - tvöföld vökvaúrtök, vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.  
Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu og góðu útsýni í tækjavinnu.  
Fáanleg með KUBOTA ámoksturstækjum.

## KUBOTA M108s

**Vinsælasta KUBOTA dráttarvélin**

Alhliðavél sem hentar á hvaða bú sem er.  
108 hestöfl. 4 gíra kassi með milligír. Kúplingsfrír vendigír.  
3 - tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.  
Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu. Mjög góð og lipur tækjavél.  
Fáanleg með Stoll FZ10 ámoksturstækjum.



## KUBOTA M110GX

**Fyrir þá sem gera kröfur um þægindi, lipurð og áreiðanleika**

Ný kynslóð af dráttarvélum frá KUBOTA.  
110 hestöfl. Vökvaskiptur kassi með 8 milligírum og H/M/L dríf.  
Sjálfskipting á milligírum. Kúplingsfrír vendigír.  
3 tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.  
Eitt glæsilegasta og rúmbesta ökumannshús á markaðnum í dag.  
Loftpúðaþjafandi ökumannssæti og bólstrað farþegasæti  
Fáanleg með Trima +3,0 ámoksturstækjum.



## KUBOTA M135GX

**Flaggskipið frá KUBOTA með fjaðrandi framhásingu.**

135 hestöfl. Vökvaskiptur kassi með 8 milligírum og H/M/L dríf.  
Sjálfskipting á milligírum. Kúplingsfrír vendigír.  
3 tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur  
Eitt glæsilegasta og rúmbesta ökumannshús á markaðnum í dag.  
Loftpúðaþjafandi ökumannssæti og bólstrað farþegasæti  
Fáanleg með Trima +4,0 ámoksturstækjum.



### Reykjavík:

Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

### Akureyri:

Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

### Vefsíða:

[www.thor.is](http://www.thor.is)




# Jóker

frá Laxárdal, Pistilfirði.


Ætt:

Jóker 12-924



MMF: Lundi 03-945

	Jóker 12-924	2015
LAMBHRÚTASKÖBUN	Fjöldi	247
	Pungi	45,3
	Fótleggur	109
	Læri	17,4
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	30,6
	Ómfita	2,7
Lögun	4,1	



**Lýsing:** Hvítur, vel hyrndur með svipmikinn haus. Herðar nokkuð háar en holdfylltar. Bringan breið og miklar útlögur, bakið breitt og átaksgott. Malir breiðar og holdgóðar. Lærnvöðvi þykkur en mætti klæða betur niður á hækilinn. Jóker er feikna bol-langur og mikil glæsikind. Hann er gæfur og rólegur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu



12-924

meðallagi. Pel jafnt og þykkt. Togið fremur stutt og hrokkið, fingert og gljáandi.

**Reynsla:** Jóker 12-924 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað kom hann að lokinni afkvæmarannsókn í Norður Þingeyjarsýslu haustið 2014. Jóker fékk mikla notkun síðasta vetur og vel á þriðja hundrað hrútlömb voru dæmd undan honum í haust. Afkvæmi hans eru heldur undir meðallagi í vænleika en oft með feikilega öflug bakhold. Oft skortir aðeins á gerð þeirra, sérstaklega lærahold sem er í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar síðasta haust.

Við val Jókers á stöð var ekki síður horft til hagstæðs BLUP-kynbótamats fyrir dætraeiginleika. Mat fyrir frjósemi lækkar aðeins milli ára en nokkuð var af geldum veturgömlum ám undan honum. Tveggja vetra ærnar heima í Laxárdal áttu 2,2 lömb að jafnaði í vor. Þær eru góðar afurðaaer og höfðu að jafnaði 5,9 afurðastig haustið 2014.

**Litaerfðir:** Jóker er arfblendinn hvítur en erfir ekki mórault né tvilitt. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2012-44-104-36/1,5/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,0 stig

# Hrauni


frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

Ætt:

Hrauni 12-948



MMF: Áll 00-868, FMFF: Lóði 00-871, MFMF: Moli 00-882.



**Lýsing:** Hvítur, sverhyrndur, með svipmikinn og fríðan haus. Háls sver, herðar breiðar og kjötfylltar og bolurinn sívalur. Bakið kúpt, sterkt og vöðvafyllt. Vöðvafylling í mölum góð, lærnvöðvi þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð. Glæsikind á velli.

**Ullarlýsing:** Ljósulur á fótum. Svört doppa í baki. Lítið um gul hár í reyfi. Pelið jafnt og nokkuð þykkt. Togið fremur stutt, mjúkt, hrokkið og gljáandi en grófara á mölum og lærum. Ullarprúður.

**Reynsla:** Hrauni 12-948 kom á sæðingastöð haustið 2015 að lokinni afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli þar sem heimahrútar voru bornir



12-948

saman. Í rannsókninni kom Hrauni vel út sem lambafaðir. Hann var efstur í uppgjöri dóma á hrútlömbum en mörg mjög efnileg hrútsefni mátti finna undan honum. Fallþungi afkvæma hans var 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og fyrir fitu 7,2. Meðaltal rannsóknarinnar var fallþungi 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 6,4. Faðir Hrauna, Práður 07-742 var á sínum tíma í skoðun fyrir sæðingastöðvarnar.

Lítill reynsla er enn fengin á dætur Hrauna en BLUP-kynbótamat segir að frjósemi þeirra verði um meðaltal og að þær verði dugmiklar mjólkurær.

Móðir hans, 05-562 var afbragðsgóð afurðaaer á sinni tíð, tvílembd gemlingur og eftir það þrisvar tvílembd og þrisvar þrílembd með 8,5 afurðastig.

**Litaerfðir:** Hrauni er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stigun:**

2012-45-106-31/3,1/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

# Kaldi

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal




FMFF: Abel 00-890, FMFF: Eir 00-881, MMFF: Túli 08-858, MMMF: Sunni 96-830.



**Lýsing:** Hvítur, fínhyrndur með svipfríðan haus, aðeins dröfnóttur. Frampartur vel lagaður og holdfylltur. Bak holdgróið og malir vel holdfylltar. Lærvöðvi þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð. Snotur hrútur.

**Ullarlýsing:** Aðeins gulur í hnacka og á fótum. Töluvert um gul hár í reyfi, mest í baki og á mölum. Togið hrokkið, styttra í baki en lengra og grófara á síðum. Þelið fremur jafnt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

**Reynsla:** Kaldi 12-950 kom á sæðingastöð haustið 2015 að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti. Hann vakti fyrst athygli fyrir öflugan hóp afkvæma heima á Oddsstöðum haustið 2013. Sama var uppi á teningnum haustið 2014 og var hann því fenginn í samanburð á Hesti



síðasta vetur. Í rannsókninni á Hesti skilaði Kaldi góðum vænleika samhliða vel gerðum framparti og minnstri fituþykkt á síðu. Fallþungi afkvæma hans var 15,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og fitu 4,3. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,1 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 4,6. Veturgamlir synir Kalda, Spakur 14-150 á Oddsstöðum og Olgeir 14-106 í Bakkakoti skiluðu góðum niðurstöðum nú í haust.

Fyrstu vísbendingar um dætur Kalda sýna að þær eru ágætlega frjósamar og prýðilegar afurðær líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir til um, en dætur hans heima á Oddstöðum höfðu 5,8 afurðastig að jafnaði haustið 2014 og hafa sýnt góða frjósemi. Móðir hans, 09-010 var einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það, utan eitt skipti sem hún var þrílembd og er með 6,3 afurðastig.

**Litaerfðir:** Kaldi er arfblendinn fyrir golsóttum lit í A-sæti en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2012-44-105-35/3,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

# Lækur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MFF: Lundi 03-945, FMFF: Raftur 05-966; MFMF: Lóði 00-871, MMMF: Dreitill 00-891.

LAMBHRÚTASKÖÐUN	Lækur 13-928	2015
Fjöldi		108
Þungi		45,9
Fótleggur		107
Læri		17,6
Ull		7,9
Örnvöðvi		30,0
Ömfita		3,0
Lögun		4,0



**Lýsing:** Hvítur, með stuttan fremur fríðan haus, grófhyrndur. Herðar þökkalega breiðar og brjóstkassi mjög vel sívalur. Bakið átaksgott. Mala- og lærahold afbragðsgóð. Bollengd í meðallagi. Lækur er jafnvaxinn hrútur og fagaður að allri gerð.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnacka og á fótum. Örlítið gult í reyfi. Fremur ullarmikill og reyfið jafnt. Togið fremur fíngert, hrokkið og gljáandi.



**Reynsla:** Lækur 13-928 var fenginn inn á sæðingastöð haustið 2014 eftir að hann hafði staðið efstur í afkvæmarannsókn á félagsbúinu í Ytri-Skógum. Í lambaskoðunum í haust komu fram um 100 synir hans. Þeim svipar mikið til föður síns og eru vel gerðir í alla staði, ekki stórgerðir og bollengd þeirra í meðallagi. Veturgamall sonur hans, Grímur 14-955 var efstur í afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum nú í haust og tekinn á sæðingastöð á þeim grunni.

Lækur á 9 veturgamlar dætur sem báru í vor á heimabú hans. Þær áttu 1,3 lömb sem var yfir búsméðaltali og því hækkar kynbótamat hans fyrir frjósemi. Kynbótaspáin fyrir mjólurlagni er góð eða 107 stig. Lækur er efni í öflugan alhlíða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Lækur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


**Mál og stigun:**

2013-49-106-29/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=86,0 stig


# Börkur

frá Efri Fitjum, Fitjárdal.

Ætt:



MMFF: Ljóri 95-828.



**Lýsing:** Hvítur, krapp-hyrndur og svartdröfn-óttur á haus. Háls og herðar vel vöðvafyllt en vottur af slöðri fyrir aftan bóga. Bakhold góð og malir breiðar og ágætlega holdfylltar. Lærvöðinn þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð. Rösklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Ljósugulur í hnacka og á fótum. Töluvert um gul hár í reyfi, meira aftantil. Svört doppa á mölum. Ullarlítill. Þelið jafnt, togíð gróft og strítt.

**Reynsla:** Börkur 13-952 er annar tveggja hrúta sem valinn var inn á sæðingastöðvarnar úr afkvæmarannsókninni á Þóroddstöðum

haustið 2015, en þangað voru fengnir úrvaslhrútar úr Miðfjarðarhólfi. Börkur var valinn í rannsóknina eftir að hafa fengið glæsilegan afkvæmadóm á heimabúi sínu haustið 2014 en þá var einkunn hans fyrir gerð 11,5 og fyrir fitu 7,2 á 55 lömbum. Á Þóroddstöðum var hann síðan efstur í öllum þáttum afkvæmarannsóknarinnar. Meðalþungi afkvæma hans var 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og fitu 6,5. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,3 kg fall, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 6,4. Niðurstaðan úr afkvæmarannsókninni staðfestir því, að hér er spennandi lambafaðir á ferð.

Börkur er nánast óreyndur sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur fyrirheit um að hann verði góður sem slíkur. Móðir hans, 08-008 var tvílembd sem gemlingur og ætíð eftir það utan eitt skipti einlembd og eitt skipti þrílembd en Börkur er fæddur þrílembingur. Hún var hörkuafurðaðær með 7,8 afurðastig.

**Litaerfðir:** Börkur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2013-55-107-31/5,7/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=85,5 stig


# Tangi

frá Klifmýri, Skarðsströnd. (Keyptur frá Svarfhóli, Laxárdal)

Ætt:



FMF: Hylur 01-883, FMFF: Snúður 00-911, MMFF: Áll 00-868.



**Lýsing:** Hvítur, fín-hyrndur með fríðan haus. Háls vel bundinn við bók en bolvídd í meðallagi. Örlítið slöður fyrir aftan bóga. Holdfylling í baki og á mölum góð, lærahold mikil og vöðvinn vel lagaður. Fætur réttir og sterkir. Hrútur sem

samsvarar sér vel og er fallegur á velli.

**Ullarlýsing:** Ljósugulur á haus, fótum og dindli. Örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel þykkt og glansandi. Togið fremur fint. Ull falleg.

**Reynsla:** Tangi 13-954 kom á sæðingastöð sumarið 2015 á grunni

góðrar reynslu á Svarfhóli í Laxárdal en þangað var hann seldur sem lamb. Tangi vakti athygli í afkvæmarannsókn haustið 2014 og stóð efstur í samanburði margra hrúta. Hann endurtók þann leik í haust en afkvæmi hans eru vel gerð, hafa þykka vöðva og takmarkaða fitu en aðalmerki þeirra er gríðarlega þykkur og vel lagaður bakvöðvi. Í afkvæmarannsókninni haustið 2014 var fallþungi afkvæma hans 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og fyrir fitu 6,0. Meðaltal rannsóknarinnar var 16,4 kg fall, einkunn fyrir gerð 9,0 og fitu 6,4. Albróðir Tanga, hrútur númer 13-261 sem er í Hvammi í Hvammssveit hefur skilað góðum niðurstöðum þar.

Af sjálfu leiðir að lítil reynsla er enn fengin af dætrum Tanga. Vísbendingar eru um að þær sýni frjósemi um meðaltal og verði góðar afurðaðær líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika bendir til. Móðir hans, Blaðka 09-853 var einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 7,0 afurðastig.

**Litaerfðir:** Tangi er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


**Mál og stigun:**

2013-49-110-31/2,5/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig


# Svimi

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.

Ætt:



FMMF: Snúður 00-911.



**Lýsing:** Hvítur með fríðan haus og vel vanin horn. Herðar breiðar og holdfylltar og bolurinn sívalur en vottur af slöðri fyrir aftan herðar. Bakið ákaflega vel holdfyllt og breitt. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvi kúptur, þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð.

Falleg kind sem samsvarar sér vel.

**Ullarlýsing:** Ljós gulur á dindli og fótum. Töluvert um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi og reyfið jafnt. Þel þykkt. Togið meðalfint, í meðallagi langt og allhrokkið, styttra í baki.

**Reynsla:** Svimi 14-956 er annar tveggja hrúta sem valdir voru inn á

sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn veturgamalla hrúta í Ytri-Skógum haustið 2015. Svimi er sjálfur kostagripur að gerð og var hæst dæmda lambið á búinu haustið 2014. Afkvæmahópur hans fékk næstbesta gerðarmatið í afkvæmarannsókninni, á eftir afkvæmum Gríms 14-955 sem einnig kom á stöð nú í haust. Svimi skilaði ágætum vænleika. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og fyrir fitu 7,1. Meðalfallþunginn í afkvæmarannsókninni var 17,8 kg, meðaleinkunn fyrir gerð 10,5 og fyrir fitu 6,1.

BLUP-kynbótamat Svima fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði um meðallag í frjósemi og ágætlega mjólkurlagnar. Móðir hans, Trú 09-704, átti eitt lamb sem gemlingur og var síðan þrisvar tvílembd og tvisvar þrílembd. Veturgömull skilaði hún litlum afurðum en eftir það hefur hún verið yfir búsméðaltali. Meðal afurðastig hennar er 4,3 fyrir öll árin.

**Litaerfdir:** Svimi er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stígun:**

2014-44-105-35/2,5/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-8,5=88,0 stig

## EININGAR MEÐ YL EIGUM VIÐ TIL

Vandaðar og gæðavottaðar samlokeiningar í ýmsum útfærslum



CE

Hafðu samband í síma 480 5600 eða á [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is) og fáðu nánari upplýsingar

Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600 [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is) [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)




## KOLLÓTTIR HRÚTAR

## Baugur


frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.

Ætt:

Baugur 10-889



MMF: Lundi 03-945, MFFF: Ormur 02-933.



	Baugur 10-889	2013	2014	2015
LAMBHRÚTASKODUN				
Fjöldi	39	167	29	
Pungi	49,6	48,5	49,6	
Fótleggur	110	110	110	
Læri	17,6	17,6	17,6	
Ull	8,4	8,3	8,3	
Ómvoðvi	29,9	29,7	29,8	
Ómfita	3,0	3,1	3,2	
Lögun	4,0	4,1	4,1	


**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með svipmikinn og fríðan haus. Stuttur háls, breiðar en aðeins hrjúfar herðar. Útlögur í meðallagi. Sterkt bak. Malir breiðar og fremur vel vöðvaðar. Lærahold frábær. Fætur réttir. Bollangur og sterklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt þel. Togið í meðallagi langt og fremur fínt en aðeins stutt í baki.

**Reynsla:** Baugur 10-889 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð en notkun hans hefur verið breytileg. Baugur skipaði sér strax haustið 2013 í hóp „stjörnuhrúta“ en afkvæmi hans eru þroskamikil, hafa þykkan bakvöðva ásamt því að vera afbragðsvel gerð. Synir hans sem nú eru til víða um land styrkja síðan stöðu föður síns verulega en margir þeirra hafa skilað afbragðsgóðum sláturlömbum. Baugur hefur sannað sig sem besti kollótti lambafaðirinn sem verið hefur á stöðvunum til þessa.

Með meiri reynslu fer BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika hækkanði en dætur hans eru ágætlega frjósamar og góðar afurðaðar en þær höfðu að jafnaði 5,3 afurðastig haustið 2014.

**Litaerfðir:** Baugur er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvít. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



Mál og stigun:

2010-45-104-29/2,8/3,5-8,0-8,0-7,5-8,5-8,5-17,0-8,5-8,0-8,0=82,0 stig

## Ertu klár fyrir veturinn?



7.200kr brúsinn, 125 skammtar

**Chevit E-Selen**

Selen til inngjafar, gefið 1 pumpuslag 1-2 vikum fyrir fengitíma. Selenskortur getur valdið bæði ófrjósemi og snemmlambaláti.

**Engar óþarfá nálastungur!****Bryningarskálar****í miklu úrvali:**

Flotskál, 3 lítra.....6.950kr  
Pottskál, svört.....9.900kr  
Emeleruð, græn.....9.900kr

Sendum um land allt



**Bryningarnipplar**  
1/2" .....935kr

**Nipplar með kúlu:**

Lítil.....2.240kr  
Miðst.....2.290kr  
Stór.....2.920kr

**Inngjafabyssa**

Hægt að breyta í  
bólusetningabyssu


Egilsbóli 1, 310 Borgarnesi  
S-430-3500

Opð 8-18 virka daga og 10-14 laugardaga




# Roði

frá Melum 1. Árneshreppi.  
(keyptur frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði)



FMF: Frakksson 03-974, FFMF: Partur 99-914, MFF: Ljómi 92-971, MMF: Glæsir 98-876.

	Roði 10-897	2014	2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	265	83
	Pungi	49,2	49,3
	Fótleggur	111	111
	Læri	17,4	17,6
	Ull	7,8	7,9
	Ómvöðvi	28,8	29,3
	Ómfita	3,1	3,3
	Lögun	4,0	4,0



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus, breiðan og vöðvafylltan háls og herðar og miklar útlögur. Bakið mjög breitt og átökugott. Malir mjög vel vöðvafylltar. Lærvöðvi kúptur og fyllir vel upp í klofið. Fætur réttir og sterklegur. Tignarlegur hrútur á velli, bollangur og breiðvaxinn.

**Ullarlýsing:** Sterkgulur á haus, fótum og á dindli en ekki fannst mikið af gulum hárum í reyfi.



10-897

Feikilega ullarmikill. Pelið þykkt. Togið jafnt og fremur fínt, aðeins gróft í síðum.

**Reynsla:** Roði 10-897 var valinn inn á sæðingastöðvarnar að aflokinni stórrí afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2013 og hefur nú sinn þriðja vetur á stöð. Roði skilar mörgum virkjamiklum, glæsilegum og vel gerðum lömbum, of mörg hafa þó sterkgulan hnakka. Þegar hefur einn sonur hans bæst í hóp stöðvahrúta, Voði 13-943 frá Heydalsá. Nokkur reynsla er komin á dætur Roða en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeinleika segir að þær verði ágætlega mjólkurlagnar og sýni frjósemi um meðallag. Mat fyrir frjósemi lækkaði í síðasta útreikningi en hann átti meira af geldum veturgömlum dætrum en aðrir sæðishrútar voruð 2015.

**Litaerfðir:** Roði er arfhreinn hvítur.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2010-48-111-29/2,3/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-9,0=87,0 stig


# Faldur

frá Bassastöðum, Steingrímsfirði.  
(Keyptur frá Melum 1. Árneshreppi)



FMMF: Boli 99-874, MFMF: Partur 99-914.

	Faldur 11-933	2015
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	28
	Pungi	46,2
	Fótleggur	110
	Læri	17,3
	Ull	8,2
	Ómvöðvi	29,8
	Ómfita	3,5
	Lögun	3,9



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með sveran og svipmikinn haus. Herðar vel breiðar en litilsháttar slöður aftan við bóga. Bringan breið og útlögur í meðallagi. Bakið sterkt og holdfylling góð. Malir breiðar og vel holdfylltar. Lærahold góð og vöðvinn kúptur. Bollangur og sterklegur hrútur, spakur og rólegur.



11-933

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Ullin fin og magnið í meðallagi. Togið fremur stutt og fingert, mjög stutt í baki.

**Reynsla:** Faldur 11-933 er einn þeirra fjögurra hrúta sem komu inn á stöð að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Strandasýslu haustið 2014. Niðurstöður úr afkvæmarannsókninni gáfu til kynna að hann gæfi þykkar bakvöðva, ásamt góðri gerð og góðum vænleika þó sum lömbin væru í feitari kantinum. Faldur fékk frekar takmarkaða notkun síðasta vetur og aðeins 28 synir hans voru dæmdir í haust. Engu að síður átti hann mörg þrýðileg afkvæmi sem staðfestu að hann gefur þykkar bakvöðva þó læraholdin væru aðeins breytileg.

Norður í Árneshreppi sýndu 35 dætur Falds góða frjósemi í vor en BLUP-kynbótamat hans fyrir frjósemi stendur í 95. Mat fyrir mjólkurlagni stendur í 98 en dætur hans höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði haustið 2014.

**Litaerfðir:** Faldur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2011-49-105-31/3,6/4,0-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-17,0-8,5-8,0-8,0=83,5 stig


# Poku-Hreinn

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



MMFF: Ægir 01-916, \*Bolla 02-419 var móðir Bolla 06-821, FMF: Styggur 99-877.

Poku-Hreinn 13-937		2015
LAMBHÚTASKODUN	Fjöldi	51
	Pungi	47,0
	Fótleggur	110
	Læri	17,1
	Ull	8,1
	Ómvöðvi	29,2
	Ómfita	3,1
	Lögum	3,8



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með smágerðan en fríðan haus. Herðar ágætlega holdfylltar og þökkalegar útlögur. Bak ágætt og malir nokkuð vel lagaðar. Lærahold í góðu meðallagi.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum. Dröfnóttur á eyrum. Ullarmikill. Gul hár fundust ekki í reyfi en það er jafnt og þykkt. Togið nokkuð mikið og í meðallagi fínt.

**Mál og stígun:**



13-937


**Reynsla:** Poku-Hreinn 13-937 kom á stöð haustið 2014 sem fyrsti arfhreini Pokugenshrúturinn í tengslum við verkefni sem miðar að því að stöðvarnar bjóði sæði úr hrútum með þann eiginleika. Annar arfhreinn Pokugenshrútur kom á stöð nú í haust, Ofsi 14-957. Hróta sem þessa á að nota til þess að fá undan þeim gimbrar til ásetnings til að hafa betri stjórn á því hversu margar ær með þennan eiginleika eru til á hverjum tíma. Afkvæmi Poku-Hreins eru mörg hver þroskamikill með þykkan bakvöðva, full breytileg að gerð en frískleikakindur.

**Litaerfðir:** Poku-Hreinn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2013-46-108-27/3,0/3,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=82,5 stíg

# Krapi

frá Innri Múla, Barðaströnd.



MMFF: Glópur 00-930, MMF: Frakksson 03-974, MMFF: Arfi 99-873.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan og fríðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar, bolurinn mjög hvelfdur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir kúptar, breiðar og vel holdfylltar. Lærahold frábær. Fótstaða er rétt, en framfótakjúkur fremur linar. Krapi er bollangur og glæsilegur á velli.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Þel þykkt. Togið misjafnt, mjög stutt í baki en meðalfínt.

**Reynsla:** Krapi 13-940 kom á sæðingastöð sumarið 2015 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Innri-Múla. Til stóð að taka föður hans, Gullmola 08-314 á stöð sumarið 2014 en honum

**Mál og stígun:**



13-940

entist ekki aldur til þeirra vistaskipta. Krapi var haustið 2014 einn af athyglisverðustu hrútum landsins þegar afkvæmarannsóknir á heimabúum voru gerðar upp. Bakvöðvi afkvæma hans var 2 mm þykkari en bakvöðvi afkvæma hinna hrútanna sem voru í rannsókninni. Annað einkenni á afkvæmum Krapa eru gríðarlega öflug lærahold. Í afkvæmarannsókn heima á Innri-Múla haustið 2014 var fallþungi afkvæma hans 18,4 kg, gerð 10,6 og fita 6,1. Meðalfallþungi í þeirri rannsókn var 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og fyrir fitu 6,8. Niðurstöður kjótmats í haust eru enn glæsilegri þrátt fyrir að mikið af lömbunum undan Krapa hafi verið sett á.

Lítill reynsla er fengin á dætur Krapa en veturgamlar dætur hans sýndu góða frjósemi í vor. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dæturnar verði bæði frjósamar og góðar afurðaðar.

Móðir hans, Fjarðarkolla 10-514 var tvílembd gemlingur og alltaf eftir það utan eitt skipti þrílembd. Hún hefur 6,2 afurðastig.

**Litaerfðir:** Krapi er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt en líklega ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2013-47-108-27/3,2/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=84,5 stíg



# Serkur

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



FFF: Ormur 02-933, FFMF, Glæsir 98-876, FMFF: Partur 99-914, FMMF: Klængur 97-839, MMFF: Örvar 04-983.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan og fríðan haus. Háls sver og herðar holdfylltar. Bolur sivalur. Bak sterkt og átaksgott. Malir langar, aðeins hallandi en mjög holdfylltar, breidd þeirra í meðallagi. Lærahold frábær. Hann er örlítið

útskeifur á vinstri framfæti en fótstaða annars góð, mjög þéttholda og jafnvaxinn hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið mjög lítið aftan við bóga. Pelið jafnt og þétt.

**Reynsla:** Serkur 13-941 kom á sæðingastöð haustið 2015 að lokinni



13-941

afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli þar sem heimahrútar voru í samanburði. Hann átti mörg afbragðs afkvæmi en sterkustu eiginleikar þeirra eru mikill þroski og afbragðsgóð lærahold. Mörg efnileg hrútsefni var að finna í hópnun. Fallþungi afkvæma hans var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og fitu 6,7. Meðaltal rannsóknarinnar fyrir fallþunga var 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 6,4. Veturgamall sonur Serks, Guðbjartur 14-425 á Halldórsstöðum í Skagafirði kom best út á því búi nú í haust. Serkur er eini hrúturinn á sæðingastöð í vetur með arfhreina verndandi arfgerð gagnvart riðusmiti og munu því öll afkvæmi hans bera verndandi arfgerð.

Lítill reynsla er fengin á dætur Serks en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að þær verði góðar afurðaðar en aðeins undir meðallagi frjósamar. Móðir hans, 12-223 var einlembd gemlingur, síðan tvisvar tvílembd með 6,3 afurðastig.

**Litaerfðir:** Serkur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfhreinn verndandi.

**Mál og stigun:**

2013-46-105-32/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig

## Nettex vörur fyrir sauðburðinn



**NETTEX**  
Animal Health & Management

Sendum um allt land

Hafðu samband  
570 9800

FB Verslun  
Selfossi  
Áusturvegi 64a  
570 9840

FB Verslun  
Hvolsvelli  
Hlíðarvegi 2-4  
570 9850


FB Verslun  
Egilsstöðum  
Kaupvangi 11  
570 9860

FB Verslun  
Helli  
Suðurlandsvegi 4  
570 9870


**FB**  
FÓÐURLANDAN

# Magni

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



FF: Trítill var faðir Sprota 12-936, MFF: Gullmoli 05-552  
sem er FF: Krapa 13-940, MMFF: Bogi 04-814.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Góð holdfylling um háls og herðar, bolurinn ágætlega sívalur. Bakhöld góð og vottur af kryppu\*. Breiðar, kúptar og vöðvafylltar malir. Sérlega vel lagaður og mjög þykkur lærvöðvi. Góð fótstaða. Glæsikind á velli.

\*Kryppan á baki er til marks um mikla vöðvasöfnun en þetta einkenni mátti finna á mörgum afkomendum Stramma 83-833 frá Hesti á sínum tíma. Enginn skyldleiki er þó á milli Stramma og Magna.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Pelið jafnt, ekki mjög þykkt. Togið hrokkið og jafnt. Ullarprúður.

**Reynsla:** Magni 13-944 kom inn á sæðingastöð haustið 2015. Val hans byggir á glæsilegum niðurstöðum á heimabúi. Bæði haustið 2014 og



13-944

2015 hafa afkvæmi hans sýnt hvað mest skrokkgæði af öllum lömbum á Heydalsá. Afkvæmin eru geysilega vel gerð, með hóflega fitu og vigta vel. Haustið 2015 var meðalfallþungi afkvæma hans 18,4 kg, gerðarmat 11,7 og fitueinkunn 7,1. Á sama tíma var búsméðaltal 18,2 kg, gerðareinkunn 10,7 og fitueinkunn 7,1. Þetta eru glæsilegar kjötmatsniðurstöður og aðeins um lítinn hluta afkvæma hans að ræða því tæp 50 þeirra tilheyrðu hópi ásetningslamba í haust.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur Magna verið undir meðaltali í frjósemi, en ágætlega mjóklagnar. Í því sambandi þarf að hafa í huga að margar Þokugensær eru á Heydalsá á sama aldri og dætur Magna og einkunn hans fyrir frjósemi dætra felur því í sér ákveðið vanmat. Þrjár veturgamlar dætur Magna áttu 1,3 lömb í vor sem var yfir búsméðaltali. Móðir hans, 11-537 var einlembd veturgömul en ætíð tvílembd eftir það með 6,9 afurðastig.

**Litaerfðir:** Magni er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt og hreinhvitt en ekki þekkt að hann gefi mórault.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stígun:**

2013-48-103-31/2,4/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=86,5 stíg

## GJAFAGRINDUR.IS

### Egilsstöðum



Heitzinkhúðaðar gjafagrindur í 3 útfærslum

Gjafagrindur.is - Björgvin Óskarsson - Selási 14 - 700 Egilsstaðir  
GSM: 865 5646 - gjafagrindur@gjafagrindur.is

# Fyrir sauðfé

Mikið úrval af sauðfjártengdum vörum

## Margar tegundir bryningartækja



## Hrútabelti og litir fyrir fengitímann



## Ormalyfs- og bólusetningasprautur



## Landsins mesta úrval af rúningsvörum



## Margar gerðir af klaufsnyrtiklippum



## Allt fyrir smalahundinn! Fóður, bækur, myndbönd, flautur og fleira.



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

**JÖTUNN**  
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

www.jotunn.is

## FORYSTUHRÚTUR

## Ami

frá Sigtúnum (Maríusi og Láru), Öxarfirði.  
(keyptur frá Vestaralandi 2, Öxarfirði)

Ætt:



FMF. Fori 89-980.

**Lýsing:** Ami er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann er fimm vetra og býr því yfir allnokkurri reynslu sem forystuhrútur. Ami er ljósgráarnhosóttur að lit og hyrndur, há- og grannvaxinn, reistur og léttbyggður svo sem forystufé ber að vera. Hann er stóreygður og hefur til að bera mikla árvekni, örar hreyfingar og ekki spillir höfðinglegt fasið og yfirbragðið. Hann er þægur í rekstri og ljúfur við fólk en á það til að amast við öðru fé og dregur nafn sitt af því. Ami kom á sæðingastöð síðasta vetur og sýndi þá strax mikla yfirvegum

og árvekni í hrútakrubbunni og hefur hrútahirðirinn haft framgöngu hans í hávegum á alla lund. Ami er vanafastur með afbrigðum svo sem títt er um forystufé.

Ami er frá Maríusi og Láru sem þá bjuggu á Sigtúnum og var fyrsta árs lamb af þeirra búskap.

**Litaerfðir:** Undan Ama geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt þar sem hann erfir einnig tvílit auk þeirra litaerfða sem eigið útlit sýnir.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

## Fallnir hrútar 2014-2015 - Ástæður

08-840	Kjarkur	Felldur, fullnotaður
08-869	Guffi	Felldur, fullnotaður
08-894	Gráfeldur	Felldur, fullnotaður
09-877	Ás	Felldur, fullnotaður
09-881	Rafall	Felldur, fullnotaður
09-887	Höttur	Felldur, fullnotaður
09-902	Guðni	Felldur, fullnotaður
09-916	Golsi	Felldur, fullnotaður
10-884	Grámann	Felldur, fullnotaður
10-905	Myrkvi	Felldur, vanþrif
10-907	Váli	Felldur, fullnotaður
10-918	Drumbur	Felldur, slæmur í fótum
10-931	Radix	Felldur, slæmur í fótum
10-932	Safir	Drapst, afvelta
11-886	Flógoði	Felldur, fullnotaður
11-896	Prúður	Felldur, fullnotaður
11-909	Höfði	Felldur, fullnotaður
11-921	Putti	Drapst, afvelta
12-923	Danni	Drapst, krónísk lungnabólga
12-935	Skafti	Drapst, barkabólga
12-936	Sproti	Drapst, afvelta



# Írsk gæðaframleiðsla á góðu verði

## Haugslugur



Heilvalsaðir úr gæðastáli í stærðum frá 5200–13600L  
Vökvabremsur  
Ljósabúnaður  
6" stútar  
4,5m 6" barki  
8000L dæla (minni gerðir)  
10.000L dæla (stærri gerðir)  
Hægt er að fá í öllum helstu dráttarvélalítum  
eða galvanizeraða.

## Taðdreifarar



Tvær stærðir til á lager

Nokkrar stærðir í boði  
Vökvabremsur  
Ljósabúnaður  
Vökvalyftur hlerii

Verðdæmi:  
4500L 980.000 án vsk\*  
7500L 1.580.000 án vsk\*  
\*Verð miðast við gengi Evru nóv. 2015

## Gjafavagn (blandari)



Einfaldur í notkun  
Stuttur blöndunartími  
Betri blöndun  
Bæði hægri og vinstri gjöf  
Margar stærðir í boði

## Aukahlutir



34 plógstútar, 7,5m  
vinnslubreidd.  
Mun nákvæmari og  
samfelld dreifing.  
Vaxtartími grass lengist,  
lykt verður í lágmarki  
Hægt er að hleypa  
skepnum nánast strax  
inná til beitar.  
Ekki þarf aukið afl fyrir  
þennan búnað.

BELMONT  
**BELMAC**  
CO. OFFALY

## Kjötmat afkvæma sæðishrúta haustið 2015

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
<b>Hyrndir hrútar:</b>							
08-840 Kjarkur	139	17,1	8,91	6,22	2,2%	33,8%	53,2%
08-869 Guffi	283	17,1	9,38	6,13	4,6%	39,9%	62,5%
08-901 Bósi	862	17,9	9,22	7,16	2,4%	37,6%	33,3%
09-877 Ás	215	17,7	10,04	6,37	12,6%	44,2%	56,3%
09-881 Rafall	346	17,5	9,29	6,84	3,2%	38,7%	42,5%
09-902 Guðni	255	17,6	9,21	6,27	2,7%	38,8%	56,1%
10-884 Grámann	190	17,4	9,64	6,61	6,8%	42,6%	50,5%
10-903 Hængur	418	17,4	9,84	6,79	8,9%	47,4%	40,0%
10-905 Myrkvi	305	17,4	9,38	6,34	3,3%	41,6%	52,8%
10-906 Salamon	383	17,7	9,64	6,52	3,9%	48,3%	52,7%
10-907 Váli	214	17,4	9,37	6,38	2,8%	43,5%	50,5%
10-918 Drumbur	262	17,1	9,97	6,58	8,0%	50,8%	47,7%
10-919 Höfðingi	531	16,9	8,85	6,66	1,9%	29,8%	45,6%
10-920 Kölski	800	17,6	9,62	6,32	6,9%	42,3%	56,9%
11-895 Drífandi	216	17,3	10,10	6,88	11,1%	50,0%	36,6%
11-896 Prúður	170	16,7	9,38	6,36	3,5%	41,2%	53,5%
11-908 Garri	623	17,4	9,94	6,21	8,2%	49,4%	60,5%
11-921 Putti	383	17,1	9,21	6,29	3,1%	36,8%	55,6%
11-922 Tjaldur	592	17,5	10,30	6,99	11,0%	56,6%	35,5%
12-911 Bekri	435	17,9	10,23	7,03	10,6%	53,8%	36,6%
12-912 Bursti	159	16,8	9,85	6,41	5,0%	52,8%	55,3%
12-913 Skratti	303	17,4	9,82	6,96	6,3%	48,8%	37,3%
12-914 Vetur	407	16,9	9,53	6,54	6,1%	41,0%	51,1%
12-915 Saumur	950	17,2	10,20	6,56	11,4%	51,5%	47,1%
12-923 Danni	532	17,6	10,27	6,29	12,8%	51,3%	55,3%
12-924 Jóker	688	17,3	9,34	6,01	3,8%	40,0%	64,2%
12-925 Vörður	216	17,2	8,99	6,34	1,4%	34,7%	54,2%
13-926 Hvati	678	17,0	9,99	6,65	10,3%	47,2%	45,6%
13-927 Kjarni	415	16,6	9,72	6,85	3,4%	52,8%	40,5%
13-928 Lækur	317	17,0	9,59	6,30	8,2%	37,9%	57,4%
<b>Kollóttir hrútar:</b>							
09-887 Höttur	177	18,4	9,27	6,86	2,8%	39,5%	45,2%
09-929 Heydalur	555	18,4	9,30	6,97	2,0%	41,8%	37,3%
09-930 Hreinn	262	17,5	9,08	6,42	1,5%	35,9%	45,8%
10-889 Baugur	133	18,6	9,71	6,68	6,0%	45,1%	46,6%
10-897 Roði	246	18,0	9,26	6,27	3,7%	38,2%	57,7%
10-931 Radix	202	18,3	9,14	6,55	2,5%	40,1%	49,5%
10-932 Safir	77	17,1	8,90	6,66	0,0%	31,2%	48,1%
11-933 Faldur	64	17,5	9,31	6,75	1,6%	45,3%	45,3%
12-934 Hnallur	297	17,6	9,72	6,86	5,1%	48,1%	42,1%
12-935 Skafti	124	17,4	9,48	6,74	4,0%	41,1%	45,2%
12-936 Sproti	344	18,6	9,88	7,24	4,9%	54,7%	30,2%
13-937 Þoku-Hreinn	187	17,7	8,80	6,48	2,7%	25,1%	51,9%

\* Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 31. okt. 2015

## Árangur sæðinga vorið 2015 eftir sæðishrútum, ósamstilltar ær, ferskt sæði

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
<b>Hyrndir hrútar:</b>			
08-840 Kjarkur	247	63%	1,81
08-869 Guffi	398	69%	1,79
08-901 Bósi	1.399	66%	1,85
09-877 Ás	291	69%	1,81
09-881 Rafall	395	78%	1,87
09-902 Guðni	430	59%	1,83
10-884 Grámann	231	70%	1,85
10-903 Hængur	638	64%	1,79
10-905 Myrkvi	479	66%	1,86
10-906 Salamon	492	67%	1,91
10-907 Váli	307	70%	1,70
10-918 Drumbur	406	69%	1,81
10-919 Höfðingi	707	69%	1,88
10-920 Kölski	1.145	68%	1,85
11-895 Drífandi	345	67%	1,80
11-896 Prúður	172	73%	1,91
11-908 Garri	851	65%	1,83
11-921 Putti	550	72%	1,86
11-922 Tjaldur	947	64%	1,82
12-911 Bekri	716	64%	1,79
12-912 Bursti	234	69%	1,84
12-913 Skratti	432	72%	1,78
12-914 Vetur	529	66%	1,86
12-915 Saumur	1.490	68%	1,81
12-923 Danni	866	66%	1,83
12-924 Jóker	901	66%	1,84
12-925 Vörður	270	77%	1,87
13-926 Hvati	1.058	70%	1,85
13-927 Kjarni	588	69%	1,82
13-928 Lækur	529	66%	1,82
	<b>18.043</b>	<b>68%</b>	<b>1,83</b>
<b>Kollóttir hrútar:</b>			
09-887 Höttur	325	64%	1,78
09-929 Heydalur	782	68%	1,76
09-930 Hreinn	404	62%	1,74
10-889 Baugur	195	69%	1,78
10-897 Roði	368	69%	1,79
10-931 Radix	353	57%	1,68
10-932 Safir	91	74%	1,86
11-933 Faldur	104	62%	1,82
12-934 Hnallur	512	61%	1,72
12-935 Skafti	166	71%	1,82
12-936 Sproti	579	67%	1,74
13-937 Þoku-Hreinn	276	72%	1,82
	<b>4.155</b>	<b>66%</b>	<b>1,76</b>
<b>Aðrir hrútar:</b>			
08-894 Gráfeldur	44	67%	1,70
09-916 Golsi	46	64%	1,90
10-917 Ami	27	72%	1,76
11-886 Flórigoði	13	91%	1,45
11-909 Höfði	20	75%	1,69
	<b>150</b>	<b>74%</b>	<b>1,73</b>
<b>Samtals</b>	<b>22.348</b>	<b>67%</b>	<b>1,82</b>
Sauðfjarsæðingarstöð Vesturlands	12.353	67%	1,81
Sauðfjarsæðingarstöð Suðurlands	9.995	67%	1,83
Samstilltar ær allt landið	1.520	55%	1,79
Fryst sæði allt landið	457	36%	1,67

\* Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 31. okt. 2015

## Sauðfjársæðingar og beiðsli

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggjið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma. Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

## Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum er mælt með eftirfarandi aðferð:

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Fordíst að neindir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu. Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

## Samstillingar

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst. Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að savmparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslið sést.

## Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2 til 3 daga í röð.

## Vinnulagsreglur

**Sæðingar:** Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

**Dæmi:** Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

**Samstilling:** Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

**Dæmi:** Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

**Samstillt og sætt á öðru gangmáli:** Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

**Dæmi:** Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8. Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.



## Meðhöndlun sæðis

### Ferskt sæði

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsunum. Kæla þarf sæðið niður í 5 °C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

### Fryst sæði

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kútinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Pegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Purfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

## Þíðing á sæðisstráum

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi, sjá hér að ofan.
  - Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréfa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
  - Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
  - Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að margir GSM símar eru með skeiðklukku.
  - Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þýðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
  - Þídd strá skal nota samstundis.
  - Hitid sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráið er sett í.
  - Passið að sæðingatækið sé þurrt.
  - Eftir að stráið hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
  - Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.
- Athugið! Uppþídd strá skal nota strax.

## Skráning og uppgjör sæðinga

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefur mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. **Skráning sæðingadagbóka**  
Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.
2. **Skráning í fjarvis.is**
  - a. Skráið ykkur inn á [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is).
  - b. Veljið <Skrá sæðingu> undir <Vorbók>.
  - c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

**Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!  
Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!**

# Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2015

Afkvæmarannsóknir voru á 5 stöðum vegna sæðingastöðvanna sl. vetur. Á grunni þeirra komu 9 nýir hrútar inn á stöðvarnar í haust. Árangur einstakra hrúta er rakinn hér í skránni en síðan er ítarlegri umfjöllun og tölulegar niðurstöður að finna á [www.rml.is](http://www.rml.is). Bændum sem lánuðu hrúta, lögðu fram aðstöðu og vinnu er þakkað þeirra framlag í þágu ræktunarstarfsins.



Á fjárræktarþúinu Hesti í Borgarfirði var að venju vönduð afkvæmarannsókn þar sem mælingar byggja á hefðum búans. Í samanburði voru 11 veturgamlir

hrútar frá Hesti auk aðkomuhrútanna Kalda 12-150 frá Oddstöðum og Snúðs 13-272 frá Kjalvararstöðum. Mælingar fóru fram upp úr miðjum september og slátrun vegna rannsóknarinnar 25. september. Hrúturinn sem stóð efstur var Deilir 14-714 en hann er fallinn. Ákveðið var að fala Kalda (12-950) til notkunar á stöðvunum. Um stígun og ómmælingar sá Eyjólfur Kristinn Örnólfsson og uppgjör gagna Emma Eyþórsdóttir.

Á Hjarðarfelli á Snæfellsnesi voru eingöngu heimahrútar í afkvæmarannsókninni, bæði hyrndir og kollóttir. Mælingar fóru fram 15. september og 7. október. Sá hrútur sem efstur stóð, Stólpi 13-787, þótti ekki nægilega heilsuhraustur til að fara inn á stöð. Falaðir voru Hrauni 12-776 (12-948) sem er hyrndur og Serkur 13-783 (13-941) sem er kollóttur. Um ómmælingar sá Eyjólfur Ingvi Bjarnason en dómari var Lárus G. Birgisson.

Afkvæmarannsókn fyrir Strandasýslu var að þessu sinni á Smáhömrum, Steingrímsfirði. Þar voru 16 hrútar í samanburði, þar af 12 kollóttir og 4 hyrndir. Aðkomuhrútar voru: Voði 13-112 frá Heydalsá, Frakkur 13-155 frá Árbæ til heimilis á Skjaldfönn og þriðji hrúturinn, sem er hyrndur, var Borkó 11-681 frá Bæ, Árneshreppi. Mælingar á lifandi lömbum fóru fram 23. september. Slátrun fór fram strax daginn eftir þar sem mest megnis hrútlömbum var slátrað. Á grunni niðurstaðna voru þeir Voði (13-943) og Borkó (11-946) falaðir af sæðingastöðvunum að lokinni rannsókn. Ómmælingar voru framkvæmdar af Eyjólf Ingva Bjarnasyni og um dóma sá Eyþór Einarsson.

Á Þóroddstöðum í Hrutafirði var afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi. Alls voru 8 hrútar í samanburðinum. Aðkomuhrútar voru þeir Börkur 13-661 frá Efri-Fitjum, Burkni 13-162 og Borgar 13-164 frá Mýrum 2 og Tvistur 14-016 frá Urriðaá. Mælingar fóru fram dagana 15. og 30. september og slátranir í kjölfarið. Þeir Burkni (13-951) og Börkur (13-952) voru falaðir að lokinni rannsókn. Um ómmælingar sá Anna Margrét Jónsdóttir og dóma Eyþór Einarsson.

Í Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum var að vanda afkvæmarannsókn á veturgömlum hrútum og voru að þessu sinni 8 hrútar félagsbúsins í samanburðinum. Afkvæmarannsóknin byggir eingöngu á hrútlömbum. Fóru líflambamælingar fram í lok september og slátrun 1. október. Tveir hrútar voru valdir fyrir stöðvarnar, þeir Grímur 14-512 (14-955) og Svimi 14-510 (14-956). Fanney Ólöf Lárusdóttir sá um ómmælingar og Jón Viðar Jónmundsson um dóma.

*Eyþór Einarsson*

# Árangur sæðinga á sama búi ár eftir ár

## Jón Viðar Jónmundsson

Keppikefli sæðingastöðvanna um langt árabil hefur verið að sæðingarnar skiluðu sem bestum árangri frá ári til árs. Þar hafa árlegar leiðbeiningar Þorsteins Ólafssonar í hrútaskránni verið hvað þýðingarmestar. Stöðvarnar beita öllum þeim atriðum sem þær þekkja til að tryggja að sæðisgæðin séu sem allra mest.

Í umræðum um þessi mál þá er oft um það deilt hvar ástæður of slaks árangurs liggi, eru það í gæðum sæðisins, flutningavegalengdum, hjá sæðingamanninum eða einfaldlega í því sem úrskeiðis fer á búinu þar sem sæðingarnar eru framkvæmdar.

Til að reyna að bregða örlitlu ljósi á þetta ákvað ég að bera saman sæðingaárangur á sömu búum um allt land þar sem sæddar voru tíu ær eða fleiri bæði árin 2014 og 2015. Ástæðan til að setja lágmark er að fanghlutfallið er hlutfallstala og ekki nægjanlega marktæk til slíkrar vinnslu fyrir en tíu ær eða fleiri eru sæddar. Á verulegum fjölda búa er um að ræða yfir hundrað ær sæddar hvort árið. Við samantekt vakti athygli að á of stórum hópi stórra búa, þar sem ég veit að uppfylltu þessi skilyrði árið 2015, vantaði skráningu sæðinga sem alls ekki er viðunandi.

Vitað er að desember 2014 var einn verstí tími fyrir sauðfjársæðingar um langt árabil vegna veðurfars. Þau áhrif var aftur á móti erfitt að greina í gögnum og hafa nánast engin áhrif í þessum samanburði. Það styrkir þá niðurstöðu að mismunur í sæðisgæðum sé ekki stór þáttur í mismunandi árangri.

Samtals voru 415 bú af landinu öllu sem komu í þennan samanburð. Niðurstöðurnar eru sýndar á deplariti. Fylgni fangshlutfalls á milli ára reyndist 0,33 en það segir að um 12% breytileikans milli búa er hægt að fanga á þennan einfalda hátt. Skoðum samt tölurnar ögn nánar vegna þess að úr þeim má lesa margfalt meira.

Áður en það er gert er samt rétt að geta þess að m.t.t. sendingavegalengda sæðis virðist ekki mögulegt að greina minnsta mun í árangri. Úrvalsárangur eða arfaslakan er alveg jafnt að finna á búum sem eru í órafjarlægð frá stöð og eiga langar ferðaleiðir eins og á búum sem liggja næstum í sjónlínu frá stöðvunum. Þegar talin eru bú sem ná 67% eða betri árangri bæði árin, sem er mjög nálægt meðalárangri síðustu ára, reynast það vera samtals 108 bú dreifð um allt land. Þetta er ákaflega sterk sönnun þess að þar sem vandað er til allra þátta er árangurinn tryggur og næði meirihluta bænda sem nota sæðingar þessum árangri yrðu niðurstöðurnar eitthvað til að stæra sig af.


Því miður er líka að finna 24 bú þar sem árangurinn bæði árin er undir 50%. Þetta eru bú með alls óviðunandi árangur og þar má og verður eitthvað að laga. Þessi bú eru einnig dreifð um allt land og stundum við hlið búsins í sveitinni með úrvalsárangur. Frávik er að vísu ein þrjú bú á Vestfjörðum þar sem verið er að nota djúpfryst sæði. Full þörf virðist til að endurskoða hvort einhver glóra sé í þeirri framkvæmd. Þegar samgöngur eru í lagi eru þessi bú síst lakar sett en önnur í landinu um útvegum á fersku sæði. Samstilling áa er að vísu endaleysa við þær aðstæður enda margsannað að hún er yfirleitt alltaf til að draga verulega úr árangri sæðinga.

Langstærstur hópur búanna er hins vegar bú þar sem prýðisárangur næst annað árið en afleitur hitt og gerir að sambandið reynist ekki meira en áður er nefnt. Þennan hóp búa er ekki mögulegt að greina nánar. Í ýmsum tilvikum vita menn skýringar fyrir lökum árangri annað árið. Oft skýringar sem læra má af. Líka

læðist að mér sá grunur að á einhverjum búanna hafi þetta slampast annað árið en staðan sé í raun almennt lakari en það sem telja ber viðunandi.

Nú skalt þú lesandi góður meta þína stöðu með að skoða hvar þú fellur inni þetta deplarit sjálfur. Sé niðurstaðan óviðunandi segja þessar niðurstöður okkur að líklegast sé orsakanna að slökum árangri að finna í einhverjum framkvæmdaþáttum á búinu sjálfu.

Með því að vinnubrögð séu bætt í ljósi slíkrar reynslu er ljóst að mögulegt er að stórbæta árangur sauðfjársæðinga í landinu, svigrúmið er mikið til þess. Þannig á og verður að vinna til að ná betri árangri.



# Litaerfðir sauðfjár og hrúturinn Jónas

Jón Viðar Jónmundsson, Emma Eypórsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Endurreisn íslenskrar ljóðlistar er oft rakin til Jónasar Hallgrímssonar. Núna hefur sauðfjársæðingastöðvunum áskotnast sinn Jónas. Án þess að við ætlum honum hliðstætt hlutverk í sauðfjársögunni og Jónasi hefur hlotnast í bókmenntasögunni þá er hann ákveðin hvatning til að rifja aðeins upp erfðir lita hjá íslensku sauðfé.

Í textum hrútaskrárinnar eru litaerfðir skýrðar með umfjöllun um arfhreina og arfblendna liti. Þetta viljum við reyna að skýra ögn nánar í þessum texta. Um leið minnum við á þá ágætu bók Sauðfjarrækt á Íslandi þar sem um þetta má fræðast auk ótalmargs fleira sem snýr að íslenskri sauðfjarrækt.

Það sem við eigum að vera stolt af um leið, er að litaerfðalögmál hjá sauðfé eru að stærstum hluta íslensk, verk Stefáns Aðalsteinssonar, sem fyrstur lýsti þeim fyrir sex og hálfum áratug. Enginn þarf að skammast sín fyrir vanþekkingu í þessum efnum vegna þess að ýmsir af snjöllustu erfðafræðingum á fyrri hluta síðustu aldar höfðu staðið ráðalausir við að leysa gátuna í fulla hálfu öld þar til Stefán setti fram hin einföldu lögmál þessara erfða af sinni snilli, innsæi og rökhugsun.

Erfðirnar flytjast frá kynslóð til kynslóðar með erfðaefninu sem er í DNA þráðum sem kallast litningar. Sauðfé hefur 27 litninga þar af er einn kynlitningur. Það kemur fullt sett litninga bæði frá föður og móður og hvert afkvæmi hefur því 26 pör samstæðra litninga og eitt par kynlitninga. Eiginleikana tengjum við genum og tölum um gen í ákveðnum sætum sem staðsett eru á litningum. Þannig eru ætíð tvö samstæð gen í hverju sæti annað frá föður hitt frá móður og séu þau bæði eins er talað um að einstaklingurinn sé arfhreinn, hann getur aðeins erfð eina gerð af genum frá sér, sé hann arfblendinn eru tvær mismunandi gerðir af genum í sætinu og helmings líkur eru til að hvort genið um sig flytjist til tiltekins afkvæmis. Arfgerð í sætinu tilgreinir þannig hvort gripur er arfhreinn eða arfblendinn.

Erfðavísar (gen) sem eru vel þekktir og ráða mestu um litaerfðir sauðfjár eru bundnir við þrjú mismunandi erfðavísasæti á sitt hverjum litningi og þau erfast alveg óháð hvert öðru. Sætin er talað um sem A, B og S-sæti og erfðavísarnir táknaðir með mismunandi yfirskriftum eftir því hvaða lit þeir erfá.

Tafla 1 Heiti og áhrif gena í A-sæti hjá sauðfé

Samsæta	Svipgerð	Ríkni
A <sup>wt</sup>	Hvitt – leyfir gult	Ríkir yfir öllum öðrum
A <sup>g</sup>	Grátt	
A <sup>gt</sup>	Grábotnótt	
A <sup>b</sup>	Golsótt	
A <sup>t</sup>	Botnótt	
A <sup>a</sup>	Hlutlaust – leyfir dökkt	Víkur fyrir öllum öðrum

Í mörgu ræður A-sætið mestu um lit kindarinnar. Það er frábrugðið flestum erfðavísasætum með að þar eru þekkt nokkur mismunandi gen (sjá töflu 1). Sami gripur ber samt aldrei fleiri en tvö gen í hverju sæti, sem eru annað hvort bæði eins eða mismunandi, en möguleikar á arfgerðum verða mun fleiri í sætum þar sem finnast mörg gen. A<sup>wt</sup>er genið sem gefur hvítan lit hjá kindinni. Það ríkir yfir öllum öðrum genum, þannig að kind með þetta gen í öðru sætinu verður alltaf hvít. Sé þetta gen í báðum A sætum þá er kindin orðin arfhrein hvít. Slík kind, hvort sem er ær eða hrútur, eignast aldrei nema hvít afkvæmi. Afkvæmi hennar fá ætíð A<sup>wt</sup>genið frá henni. Sé hitt genið hins vegar annað þá getur kindin eignast afkvæmi af öðrum lit en hvítum.

A<sup>a</sup> genið er á hinum enda skalans í þessu sæti og er hlutlaust eða víkjandi. Ef A<sup>a</sup> er aðeins annað genið í A-sætinu ræður hitt lit kindarinnar. Sé kindin hins vegar arfhrein A<sup>a</sup>A<sup>a</sup>þá þurfum við að skoða önnur sæti vegna þess að þau fara að ráða litnum á kindinni okkar.

Nokkrir aðrir erfðavísar eru í A-sætinu og skulu taldir þeir sem vitað er um í íslensku fé. A<sup>g</sup> er genið sem gefur gráan lit. Arfhreinar gráar kindur eru með þetta gen í báðum sætum og eru yfirleitt auðþekktar á ljósgráum lit. Dökkgráu kindurnar hafa genin A<sup>g</sup>A<sup>a</sup> í A-sætinu og sagt er að gráa genið sé ríkjandi (ráði öllu um litinn). Mjög hátt verð á gráum gærum síðla á sjötta og fyrrihluta sjöunda áratugarins voru verulegur hvati að rannsóknum Stefáns á sínum tíma og allmargir bændur sem tileinkuðu sér þekkingu hans framleiddu mikið af góðum gráum gærum með stofni af svörtum (A<sup>a</sup>A<sup>a</sup>) ám sem þeir notuðu arfhreina gráa hrúta til.

A<sup>t</sup> er gen sem gefur botnóttan lit og A<sup>b</sup> gefur goltóttan/golsóttan lit (heiti genanna draga nöfn af enskum heitum þeirra). A<sup>gt</sup>er gen sem gefur grábotnóttan lit. Þetta gen var að finna með fullri vissu í íslensku fé á sjöunda áratugnum. Við höfum ekki séð það í nokkra áratugi en þrautarleit hefur ekki verið gerð. Grábotnótt gat því haft að grunni þrjár

mismunandi arfgerðir;  $A^tA^t$ ,  $A^tA^a$  eða  $A^aA^t$ . Síðasttalda arfgerðin er sú sem Grábotni 06-833 og grábotnóttir synir hans hafa allir haft og áreiðanlega nær allt grábotnótt fé. Athugið vel að synir hans erfa ekki grábotnótt litinn frá Grábotna sem einn eiginleika heldur rekur annað hvort gráa genið eða genið fyrir botnótt litnum sig alltaf til móður hrútsins, dæmi um þetta eru Grábotnasynirnir Grámann 10-884 og Kornelíus 10-945. Bekri 12-911 fékk  $A^t$  genið frá föður sínum en Dreki 13-953 fékk  $A^a$  genið frá föður sínum. Sömuleiðis er grágolsótt kind með arfgerðina  $A^aB^b$  og erfir þá annað hvort grátt eða golsótt til afkvæma en ekki hvort tveggja.

Í B sætinu eru aðeins þekkt tvö gen,  $B^+$  og  $B^b$  og þau ráða því hvort fram kemur svartur eða mórauður litur hjá kind sem ekki er hvít. Ef annað eða bæði genin séu  $B^+$  þá verður kindin svört eða svartfleckótt að lit og þetta er því ríkjandi gen. Ef kindin er hins vegar  $B^bB^b$  í B sætinu þá er hún mórauð eða mófleckótt að lit. Þar sem mórauði liturinn er þannig arfhreinn víkjandi þá kemur aldrei fram annar litur við ræktun í slíkum stofni séu allir einstaklingarnir í hjörðinni mórauðir eða mófleckóttir.

Þá er aðeins eftir að fjalla um þriðja erfðavísasætið sem nefnist S sætið. Genin í því sæti ráða því hvort kindin verði einlit eða tvílit. Einlitur ríkir yfir tvílit. Sé annað eða bæði genin  $S^+$  þá er kindin ætíð einlit. Þegar kindin er arfhrein  $S^SS^S$  er hún aftur á móti tvílit.

Litarerfðir tvílita hafa aldrei verið rannsakaðar í íslensku fé né erlendu þannig að ályktanir verði af dregnar. Margt bendir þó til að þar komi til fjölgenaerfðir fremur en einstakir erfðavísar þó að viss litamunstur geti bent til blöndu af þessum erfðaáhrifum.

Nokkur frekari einkenni eru þekkt sem tengjast litaerfðavísunum sem hagnýtt er að þekkja. Hreinhvítur litur ræðst af því að kindin sé arfhrein tvílit í S sætinu. Litaarfgerð hjá slíkri kind er því ætíð  $A^{wt}A^xB^xB^xS^SS^S$  þar sem x táknar ógreint gen. Þekkt er að menn telji sig geta lesið út frá blæ gula litarins hjá arfblendnu hvítu fé hvort það sé arfhreint víkjandi í B sætinu eða ekki, en það hefur aldrei verið skoðað nánar.

Þá er þekkt úr rannsóknum Stefáns Aðalsteinssonar að litaerfðavísar hafa áhrif á frjósemi. Lýsir það sér í minni frjósemi hjá hvítum ám en dökkum. Þessi áhrif hafa síðar verið staðfest í rannsóknum erlendis á öðrum fjárkjynjum. Alls ekki má útiloka að hér sé um að ræða enn flóknari áhrif en þau eru öllum ljós sem umgangast íslenskt sauðfé. Einnig fann Stefán ásamt Ólafi R. Dýrmondssyni að erfðavísar fyrir dökkum lit auka umtalsvert líkur á burði ána utan hefðbundins sauðburðartíma.

Tafla 2 – Samanlögð áhrif gena í A-, B- og S-sætum á sauðfjárliti

Arfgerð í		Arfgerð í S-sæti			
A-sæti <sup>1)</sup>	B-sæti	Aðallitur	$S^+S^+$	$S^+S^s$	$S^sS^s$
$A^{wt}A^x$	$B^+B^+ / B^+B^b / B^bB^b$	hvítt/gult	hvítt/gult	hvítt/gult	alhvítt
$A^aA^a$	$B^+B^+ / B^+B^b$	svart	svart	svart	svartfleckótt
$A^aA^a$	$B^bB^b$	mórautt	mórautt	mórautt	mófleckótt

1)  $A^x$  getur verið hvað samsæta sem er í A-sætinu.

Snúum okkur þá aftur að Jónasi 12-949 sem við yfirlitum í byrjun greinarinnar. Nú getum við greint litaarfgerð hans sem  $A^bA^aB^+B^bS^SS^S$ . Hann var valinn til notkunar á stöð til viðhalds og vaxtar golsótt litnum, breytilegt er eftir héruðum hvað hann kallast en bæði goltótt og mögótt er þekkt. Nú vill svo til að annar hrútur Kaldi 12-950 sem einnig er nýr á sæðingastöð er áreiðanlega með arfgerðina  $A^{wt}A^bB^+B^+S^+S^+$ . Hann er því allnokkru afkastameiri til að ná fram golsótt litnum hjá afkvæmum sínum vegna þess að þau eru ólíklegri til að verða flekkótt auk þess sem miklu meira af hinum lömbunum undan honum verða hvít meðan þau verða dökk undan Jónasi, sem getur talist Kalda til tekna.

Til gamans má benda á að hrútur með sama lit og Jónas hefði getað verið með arfgerðina  $A^bA^bB^+B^bS^SS^S$  og hefði sá hrútur orðið helmingi líklegri Jónasi til að gefa golsótt litinn til afkvæma sinna þar sem öll einlitu dökku lömbin sem mundu fæðast undan honum yrðu golsótt að lit.

Í lok þessa pistils skal vitna til orða Halldórs Pálssonar sem enn eru í fullu gildi um að gagnvart ullar- og gærugæðum er ekki til jafn mikill ólitur og golsótti liturinn hjá íslensku fé. Hins vegar er hann hluti af litafjölbreytni íslenska fjárstofnsins sem eðlilegt er að viðhalda og fjáreigendum sem hafa áhuga á mislitu fé þykir gjarnan til hans koma.



## Hagkvæm tækjafjármögnun

Við bjóðum kaupleigu og tækjalán til að fjármagna kaup á nýjum og notuðum atvinnubílum og tækjum til atvinnurekstrar.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 444 8800 eða sendu fyrirspurn á [tæki@arionbanki.is](mailto:tæki@arionbanki.is).

 Arion banki



# Taktu þátt í að framleiða vinsælustu kjötvörur landsins

Óskum eftir afurðaviðskiptum við bændur til að framleiða meira af úrvals kjötvörum



Frá árinu 1907 hefur SS fært á borð landsmanna gæða kjötvörur unnar úr gripum sem notið hafa gæða náttúru landsins og metnaðar bænda til að skapa úrvals hráefni.

**Við leggjum áherslu á góða þjónustu við bændur og vönduð flutningstæki.  
Nánari upplýsingar og sláturpantanir eru í stöð félagsins á Selfossi í síma 480 4100**

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að vinna úr afurðum bænda úrvals vörur með hagkvæmum hætti neytendum til hagsbóta en með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og hag bænda.